

SHAUNA LAUREL JONES, EDDA R. H. WAAGE
OG KARL BENEDIKTSSON

Himnesk rödd en helvískur andi?

Um friðun álfatar á Íslandi og
nýlega árekstra álfata og kornbænda

Inngangur

Náttúruverndarmál hafa verið eitt helsta viðfangsefni umhverfishugvísinda. Þetta er engin furða: Fá svið sem samfélagið þarf að taka ákvarðanir um sameina á augljósari hátt náttúruna sjálfa, mannhverfa hagsmuni og huglægt gildismat. Vernd dýrategunda er skýrt dæmi um þetta. Slík vernd byggir vissulega nær alltaf á líffræðilegum rannsóknum og gögnum um ástand þeirra dýrastofna sem um ræðir. En fleira kemur til. Menningarleg afstaða til mismunandi tegunda er með ýmsu móti. Mjög oft mótast afstaðan af því hvort telja megi tegundina upprunalega á viðkomandi svæði eða hvort hún sé nýlegur innflytjandi. Útlit skiptir einnig máli: Sum dýr, ekki síst þau sem eru af stærri gerðinni og þykja tilkomumikil eða falleg, njóta meiri athygli en önnur.

Staða fuglaverndar er um margt sérstök. Í raun eru allir fuglar á Íslandi friðaðir að lögum, en undantekningar eru hins vegar gerðar frá friðun nokkurra tegunda sem flestar eru í samkeppni við menn um auðlindir eða á annan hátt taldar skaðlegar. Í þessari grein verður sjónum beint að álfinni, alfriðuðum fugli, sem hefur á undanförunum árum orðið tilefni nokkurra deilna. Við ætlum að greina þá þýðingu sem þessi fugl hefur haft hér á landi í gegnum tíðina, efnislega jafnt sem huglæga. Þessi greining byggir á nákvæmri skoðun sögulegra heimilda. Einnig rekjum við söguna um verndun álfatar-



Ritið
3. tbl. 19. árg. 2019 (9–44)
Ritrynd grein

© 2019 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

10.33112/ritid.19.3.2
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

innar eins og hún kemur fyrir í umræðum á Alþingi, allt frá því að fyrstu fuglafriðunarlögin voru sett árið 1882 og þar til hún varð alfriðuð árið 1913. Nýlega hafa hins vegar komið fram tillögur um að aflétta friðuninni, að hluta til að minnsta kosti. Að baki liggja árekstrar manna og álfta vegna breyttrar nýtingar lands. Um þetta er einnig fjallað í greininni. Auk ritaðra heimilda er hér byggt á viðtölum við bændur á Suðurlandi, sem greind voru ítarlega til að bera kennsl á þau sjónarmið sem birtast í þessum deilum. Snúast þær um huglægt gildi álftarinnar, jafnvel um meint tvíeðli hennar – himneska rödd en helvíska anda, eins og gamalt íslenskt orðtak segir – eða um öllu jarðneskari nýtingarsjónarmið?¹

Þessar sögur af álftum í fortíð og samtíma ætlum við að skoða í ljósi nýrra hugtaka og kenninga úr ranni umhverfishugvísinda. Áður en hafist er handa við að skoða stöðu álftarinnar er nauðsynlegt að fá yfirlit yfir hvernig dýr almennt hafa komið við sögu félags- og hugvísinda á undanförunum árum. Þetta svið umhverfishugvísinda hefur verið sérstaklega áberandi upp á síðkastið. Augu fræðimanna hafa opnast fyrir nýjum túlkunum á hinu gagnvirka sambandi manna og dýra.

Dýr í hugvísindum

Seint á síðustu öld hljóp mikil gróska í félags- og hugvísindalegar rannsóknir á tengslum manna og dýra.² Framarlega í flokki voru landfræðingar,³ enda landfræði grein sem hefur löngum verið með annað augað – eða bæði – á sambandi og sambúð manna og náttúru. Einnig hafa mannfræðingar lagt

¹ Rannsóknasjóður Háskóla Íslands og Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar veittu styrki til rannsóknanna og skal sá stuðningur þakkaður. Höfundar færa viðmælendum sínum einnig bestu þakki fyrir þátttöku í verkefninu og gestrisni í viðtalsferðunum.

² Sjá t.d. Carol Freeman, Elizabeth Leane og Yvette Watt, ritstj., *Considering Animals: Contemporary Studies in Human–Animal Relations*, Farnham og Burlington: Ashgate, 2011; Kenneth Shapiro, „Editor’s introduction: the state of human–animal studies: Solid, at the Margin!“ *Society and Animals* 10: 4/2002, bls. 331–338; Kenneth Shapiro og Margo DeMello, „The state of human–animal studies“, *Society and Animals* 18: 3/2010, bls. 307–318.

³ Chris Philo, „Animals, geography, and the city: notes on inclusions and exclusions“, *Environment and Planning D: Society and Space* 13: 6/1995, bls. 655–681; Jennifer R. Wolch og Jody Emel, ritstj., *Animal Geographies: Place, Politics, and Identity in the Nature–Culture Borderlands*, London og New York: Verso, 1998; Chris Philo og Chris Wilbert, ritstj., *Animal Spaces, Beastly Places: New Geographies of Human–Animal Relations*, London: Routledge, 2000.

mikið til slíkra rannsókna,⁴ sem og ýmis önnur fræðasvið sem teljast til hugvísinda, allt frá sagnfræði⁵ til bókmenntafræði og listfræði.⁶ Stund dýrsins er komin.

Í þessum rannsóknum, sem byggja margar hverjar mjög á samfélagskenningum af póst-húmanískum toga, má greina nokkrar mismunandi áherslur. Eitt stef sem er áberandi í verkum margra höfunda er spurningin um *gerendahæfni* (e. *agency*)⁷ dýra, eða réttara sagt alls konar lífvera annarra en manna.⁸ Aðrar lífverur taka sannarlega virkan þátt í að móta samfélagsleg, vistfræðileg og jafnvel jarðfræðileg ferli, stundum á skjön við viðmið og væntingar manna. Þrátt fyrir að ekki sé eining um hvernig slík gerendahæfni birtist eða hvers eðlis hún er hefur fræðileg umfjöllun um efnið gert það að verkum að hæpið virðist að telja að hinn „skynsami maður“ sé helsti og jafnvel eini orsakavaldur breytinga í náttúru og samfélagi. Raunar felast í þessu efasemdir um að sjálf hin mannlega skynsemi sé öll þar sem hún sýnist.⁹

Rannsóknir á sjálfsverund dýra hafa leitt í ljós sífellt fleiri svið þar sem hinir dýrlegu meðborgarar okkar búa yfir verulegri hæfni. Þarna hafa hugvísindi og náttúruvísindi gengið að nokkru í takt. Atferlisfræðingar hafa sýnt fram á að mun fleiri dýrategundir en áður var talið eru ekki einungis skyni gæddar, heldur færar um að upplifa flókna skynreynslu og tilfinningar á borð við ánægju, jafnvel siðferðislega afstöðu í vissum tilfellum.¹⁰ Á alþjóðlegri ráðstefnu í Cambridge árið 2012 stóð hópur mikils metinna taugavísindamanna að yfirlýsingu þess efnis að margi flokka dýra ætti að telja til

⁴ Laura A. Ogden, Billy Hall og Kimiko Tanita, „Animals, plants, people, and things: a review of multispecies ethnography“, *Environment and Society* 4: 1/2013, bls. 5–24.

⁵ Harriet Ritvo, „History and animal studies“, *Society and Animals* 10: 4/2002, bls. 403–406.

⁶ Steve Baker, *Picturing the Beast: Animals, Identity, and Representation*, Champaign: University of Illinois Press, 2001; Steve Baker, *Artist/Animal*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2013.

⁷ Orðið *atbeini* hefur verið notað sem þýðing á þessu hugtaki, en það teljum við ekki henta fullkomlega, þar eð það vísar fremur til þess að veita einhverju stuðning eða fulltingi heldur en tiltekkinnar hæfni sem gerandi býr yfir til að koma einhverju til leiðar.

⁸ Sjá t.d. Ryan Hediger og Sarah E. McFarland, ritstj., *Animals and Agency: An Interdisciplinary Exploration*, Leiden: Brill, 2009; Owain Jones og Paul Cloke, *Tree cultures: the place of trees and trees in their place*, Oxford: Berg, 2002.

⁹ Jamie Lorimer, *Wildlife in the Anthropocene: Conservation After Nature*, Minneapolis: Minnesota University Press, 2015, bls. 45.

¹⁰ Marc Bekoff og Jessica Pierce, *Wild Justice: The Moral Lives of Animals*, Chicago: University of Chicago Press, 2009; Jonathan Balcombe, *Second Nature: The Inner Lives of Animals*, New York: Palgrave Macmillan, 2010, hér bls. 125–127.

vitundarvera og að hugarstarf margra væri afar svipað því sem gerist meðal manna.¹¹ Á fundi á vegum Sameinuðu þjóðanna tveimur árum síðar, vegna sáttmála um flökkustofna, voru þeir sem starfa að náttúruvernd brýndir til að taka mið af flókinni félagsgerð dýrategunda á borð við primata, hvali og fíla. Þar með má segja að tilvist „menningar“ meðal annarra dýrategunda en mannsins sjálfs hafi í fyrsta sinn hlotið opinbera viðurkenningu úr ranni náttúruvísinda.¹²

Einn hópur fræðimanna hefur leitað lausnar við gátunni um eðli gerendahæfni meðal dýra með því að einblína á „umheim“ þeirra.¹³ Í stuttu máli gengur slík nálgun út á að athuga ekki einungis hvernig dýrið er tækjum búið til að skynja umhverfi sitt, heldur einnig hvernig það bregst við þessu umhverfi – og breytir því um leið. Sérhvert dýr er ekki bara skynvera – hvað þá vélrænn hlutur eins og Descartes hélt fram á sínum tíma, heldur túlkandi *sjálfsvera*, sem spilar eftir bestu getu úr þeim möguleikum sem umhverfið býður og þeim táknum sem úr því má lesa. Umhverfishugvísindi af þessu tagi byggja á tákfræði og heimspeki verkhyggju eða pragmatisma. Margir eftirtektarverðir hugvísindamenn á sviði nýlegra dýrarannsóknna hafa tekið þennan pól í hæðina.¹⁴

Sé hugtakið gerendahæfni víkkað út þannig að það nái til dýra fæst mun fyllri og blæbrigðaríkari skilningur á tengslum milli þessara ólíku lífvera.¹⁵

¹¹ Philip Low, Jaak Panksepp, Diana Reiss, David Edelman, Bruno Van Swinderen og Christof Koch, „The Cambridge declaration on consciousness in non-human animals“, *Francis Crick Memorial Conference on Consciousness in Human and Non-Human Animals*, University of Cambridge, 2012.

¹² Sbr. Convention on Migratory Species, *Conservation Implications of Animal Culture and Social Complexity*, UNEP/CMS/Resolution 11: 23/2017.

¹³ Þýðing á þýska hugtakinu *Umwelt*, sem þýsk-eistneski líffræðingurinn Jakob von Uexküll setti fram snemma á 20. öld. Sjá Jakob von Uexküll, *A Foray into the Worlds of Animals and Humans, with A Theory of Meaning*, þýð. Joseph O’Neil, Minneapolis: University of Minnesota Press, 2010.

¹⁴ Sjá t.d. Kati Lindström og Morten Tønnessen, „Introduction to the special issue of *Semiotics and Perception*: Being in the world of the living—semiotic perspectives“, *Biosemiotics* 3/2010, bls. 257–261; Jukka Nyysönen og Anna Kaisa Salmi, „Towards a multi-perspective study of reindeer agency, overlapping environments and human–animal relationships“, *Arctic Anthropology* 50: 2/2013, bls. 40–51; Traci Warrentin, „Whale agency: affordances and acts of resistance in captive environments“, *Animals and Agency: An Interdisciplinary Exploration*, ritstj. Ryan Hediger og Sarah E. McFarland, Leiden: Brill, 2009, bls. 23–44.

¹⁵ Chris Philo og Chris Wilbert, „Animal places, beastly spaces – an introduction“, í Chris Philo og Chris Wilbert, ritstj., *Animal Spaces, Beastly Places: New Geographies of Human–Animal Relations*, bls. 1–34.

Bæði menn og dýr eru umfram allt tengslaverur, sem hafa aðgang að sam-
huglægum veruleika í gegnum skynfæri sín. Líkami og hugur verða ekki
skildir að: Skynjunin sjálf og úrvinnsla hennar er ein heild, sem er nátengd
hinu efnislega.¹⁶

Hugvísindafólk hefur gjarnan bent á að náttúruverndarumræða ber
einatt skýran vott um eindregna tvíhyggju eða tvenndarhugsun: Manninum
og drottunargirni hans er stillt upp andspænis tímalausri en brothættri
náttúrunni. Í slíkri uppstillingu felst mikil einföldun sem nauðsynlegt er að
komast út úr.¹⁷ Þetta er augljóst þegar litið er á lífverur sem tengjast hver
annarri bæði vistfræðilegum og félagslegum böndum, t.d. mannverur, nytja-
plöntur, húsdýr og villt dýr. Merking þeirra og jafnvel sjálf verundin er skil-
greind út frá sameiginlegum tengslum: Mennskir og ómennskir gerendur
skapa í sameiningu þann veruleika sem þeir deila í daglegu amstri.¹⁸

Árekstrar manna og dýra

Árekstrar milli *Homo sapiens* og annarra tegunda eru afar algengir. Þeir snú-
ast langoftast um rými og gæði; um tilkall ólíkra tegunda til rýmisins og
þeirra bjarga sem þar má finna. Stundum stafa slíkir árekstrar af beinum
áhrifum dýra á lífsafkomu og efnahag manna. Raunverulegar orsakir eru
hins vegar oftast en ekki fólgnar í breyttri landnotkun, eða með öðrum orð-
um í aukinni samkeppni um rými og gæði vegna mannglegra athafna. Í fá-
tækari samfélögum getur fólksfjölgun til að mynda kallað á auknið land til
ræktunar nauðpurfta, sem aftur gengur á búsvæði villtra dýra. Einnig getur
skógarhögg þrennt að dýrum.

Auk slíkra beinna efnahagslegra ástæðna geta árekstrar manna og dýra
haft meira með skynjun og breytta ímynd að gera. Á tilteknum tíma getur
dýr sem áður var álitnið frekar meinlaust tekið á sig mynd óværu – mein-
dýrs. Jerolmack sýndi til að mynda fram á hvernig dúfur breyttu um stöðu í

¹⁶ Maurice Merleau-Ponty, *Phenomenology of Perception*, þýð. Colin Smith, London og
New York: Routledge, 2002, upphaflegt útgáfuár 1945; sjá einnig Guðbjörg R. Jó-
hannesdóttir, *Icelandic Landscapes: Beauty and the aesthetic in environmental decision-
making* (doktorsritgerð), Reykjavík: Háskóli Íslands, 2015, t.d. bls. 49–50.

¹⁷ Tim Low, „When is nature not?“, *Considering Animals: Contemporary Studies in
Human–Animal Relations*, ritstj. Carol Freeman, Elizabeth Leane og Yvette Watt,
Farnham: Ashgate, 2011, bls. 195–205, sjá t.d. bls. 202.

¹⁸ Donna J. Haraway, *When Species Meet*, Minneapolis: University of Minnesota Press,
2008; Sarah Whatmore, *Hybrid Geographies: Natures Cultures Spaces*, London: Sage,
2002, bls. 56.

huga borgarbúa með tilkomu módernískra hugmynda um hvert sé réttmætt rými mannlegra og dýrslegra íbúa borganna.¹⁹ Dúfurnar, sem áður höfðu deilt borgarrýminu með mönnum, urðu að fljúgandi óværu. Oft hafa skilgreiningar af þessu tagi siðferðilegan undirtón, til að mynda með vísan til hreinlætis og heilbrigðis. Hér gildir hið sama um villt dýr og húsdýr. Hinum síðarnefndu var smátt og smátt úthýst úr borgum, til dæmis nautgripum²⁰ og svínum.²¹ Önnur dýr – svokölluð gæludýr – hafa hins vegar unnið sér nokkurn þegn rétt innan borga, en að vísu stundum með semingi.²² Átök um rými eru einnig sýnileg utan borga og koma þar við sögu bæði villt dýr og húsdýr. Stundum eru það einmitt mörkin milli hins villta og hins tamda, í tíma jafnt sem rými, sem verða að ásteytingarsteini. Íslenskt sauðfé skal til dæmis gjarnan ganga á fjalli að sumarlagi, en því leyfist ekki að segja sig endanlega frá mannlegu samfélagi með því að kjósa að dvelja þar árið um kring, eins og nýleg dæmi sanna.²³

Hefðbundin vernd tegunda hefur oftast en ekki falist í því að verja villta dýrastofna fyrir nábyli við mannfólkið, til dæmis á afmörkuðum friðlýstum svæðum. En þótt það virðist mótsagnakennt hefur stofnun verndarsvæða og þjóðgarða iðulega haft í för með sér aukna árekstra. Gjarnan fjölgar í dýrastofnum innan slíkra svæða – enda leikurinn til þess gerður – og dýrin taka þá að leita út fyrir mörk viðkomandi verndarsvæðis. Það er ekkert grín fyrir fátækt þorp í Ghana að fá filahjörð spásserandi yfir akra sína, svo dæmi sé tekið. Á „manntíma“ (eða „mannöld“, e. *Anthropocene*) eru slíkar lausnir vart nægjanlegar. Til að komast af er villtum dýrum nauðugur einn kostur – að deila rými með mönnum í umhverfi þar sem öll mörk hafa orðið óskýrari en þau voru gjarnan áður fyrr.²⁴ Ýmis dæmi eru um dýr sem hefur tekist mætavel

¹⁹ Colin Jerolmack, „How pigeons became rats: the cultural-spatial logic of problem animals“, *Social Problems* 55: 1/2008, bls. 72–94, sjá t.d. bls. 73, 75 og 89.

²⁰ Chris Philo, „Animals, geography, and the city“, bls. 666–671.

²¹ Brett Mizelle, „The disappearance (and slight return) of pigs in American cities“, *Antennae* 12: 1/2010, bls. 79–85.

²² Karl Benediktsson, „Reykjavík – borgin dýra“, *Flug(a) – milli náttúru og menningar*, Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson, Reykjavík, 2006, bls. 11–19.

²³ Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson, „Feral attraction: art, becoming and erasure“, *Routledge Handbook of Human–Animal Studies*, ritstj. Susan McHugh og Gary Marvin, London og New York: Routledge, 2014, bls. 183–190; Karl Benediktsson, „Yfir mærin: Af útgangsfé og fólki“, *Ómur óbyggðanna: Draugasafn jörturdýranna*, ritstj. Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson, Billdal: 284 Publishing, 2019, bls. 46–63.

²⁴ Jamie Lorimer, *Wildlife in the Anthropocene*, einkum 8. kafli, bls. 159–177.

að laga sig að manngerðu umhverfi.²⁵ Margir þekkingar til dæmis hversu algeng sjón rauðrefir eru orðnir í breskum borgum. En það er ekki bara dýranna að laga sig að mannlegu samfélagi; oft þarf mannfólkið að rækta með sér meira umburðarlyndi við slíkar kringumstæður. Eins og bent hefur verið á í tengslum við stór rándýr á borð viðúlfa, stór kattardýr og birni – tegundir sem orðið hafa mjög umdeildar í mörgum vestrænum löndum með vaxandi útbreiðslu þeirra – er nauðsynlegt að samfélagið sé sátt við að lifa með þeirri áhættu sem felst í nálægð slíkra dýra ef sambúðin á að ganga upp.²⁶ Svipað mætti segja um sambúð við tegundir sem ekki geta beinlínis verið hættulegar öryggi fólks, heldur geta valdið efnahagslegu tjóni. Áhættan verður að vera álitin þolanleg.

Því hefur raunar verið haldið fram að árekstrar manna og dýra snúist þegar öllu er á botninn hvolft gjarnan allt eins um árekstra milli ólíkra sjónarmiða hinna ýmsu samfélagshópa.²⁷ Ósjaldan má sjá ólíka menningar- og efnahagslega stöðu sem tengist búsetu birtast í slíkum málum. Þær geta einnig snúist um sjálfsmynd og gildismat borgarbúa og sveitafólks; sjálfræði íbúa eða stjórnun að ofan; eða virði staðbundinnar þekkingar andspænis sérfræðiþekkingu.²⁸ Til að komast til botns í deilum af þessu tagi og finna lausnir á þeim dugar því ekki að horfa einungis á þau dýr og það fólk sem á beina aðild að þeim, heldur þarf víðara sjónarhorn.

Við erum hér komin á slóðir þess sem kallað hefur verið „lífþólitík náttúruverndar“.²⁹ Þetta hugtak byggir á hugmyndum Michel Foucaults um *lífvald* og *stjórnbygd* (f. *biopouvoir* og *gouvernementalité*),³⁰ sem verið hafa afar

²⁵ Sjá t.d. Philip W. Bateman og Patricia A. Fleming, „Big city life: carnivores in urban environments“, *Journal of Zoology* 287: 1/2012, bls. 1–23.

²⁶ Neil H. Carter og John D.C. Linnell, „Co-adaptation is key to coexisting with large carnivores“, *Trends in Ecology and Evolution* 31: 8/2016, bls. 575–578.

²⁷ Francine Madden og Brian McQuinn, „Conservation’s blind spot: the case for conflict transformation in wildlife conservation“, *Biological Conservation* 178/2014, bls. 97–106.

²⁸ Sjá t.d. Annelie Sjölander-Lindqvist, „Predators in ‘agri-environmental’ Sweden: rural heritage and resistance against wolf propagation“, *Survival and Sustainability: Environmental Concerns in the 21st Century*, ritstj. Hüseyin Gökçekus, Umut Türker og James W. LaMoreaux, Berlin: Springer, 2011, bls. 15–27.

²⁹ Jamie Lorimer, *Wildlife in the Anthropocene*, bls. 12–15; Christine Biermann og Robert M. Anderson, „Conservation, biopolitics, and the governance of life and death“, *Geography Compass* 11: 10/2017, e12329.

³⁰ Michel Foucault, *The History of Sexuality: 1 – The Will to Knowledge*, þýð. Robert Hurley, London: Penguin, 1998; Michel Foucault, „The subject and power“, *The Essential Works of Foucault 1954–1984*, 3. bindi, ritstj. James D. Faubion, London:

fyrirferðarmiklar í hug- og félagsvísindum undanfarna áratugi. Lífvaldshugtak Foucaults fjallar um þá breytingu sem varð á eðli valds með iðnbyltingu og Upplýsingu. Á tímum einveldis gat höfuð ríkisins – einvaldurinn – hreinlega ákveðið hver lifði eða dó. Í þessu fólst vald hans og því var (og er jafnvel enn í vissum heimshlutum) oft beitt á fólk á beinan og harðneskjulegan hátt. Þetta er enn iðulega raunin þegar dýr eru annars vegar. Nú á dögum hafa stjórnkerfi hins vegar þróast á þann veg að hugarfari þegnanna er stýrt með ýmiss konar óbeinum aðferðum. Þetta er í mjög einfölduðu máli það sem átt er við með hugtakinu lífvald: Vald yfir því hvernig lífi er yfirhöfuð unnt að lifa. Vísindaleg þekking hefur þarna mikið vægi. Beiting lífvalds er nú oftast en ekki óbein. Þar kemur stjórnhygð til sögu: Samfélags hóparnir sem stýra skal tileinka sér sjálfir þau viðmið og reglur sem ríkisvaldið ákveður að leggja til grundvallar samfélaginu.

Þessar hugmyndir hafa verið grunnur margra rannsókna í umhverfishugvísindum,³¹ ekki síst á sviði náttúruverndar. Þær draga skýrt fram að stjórnvaldsákvæðanir í náttúruverndarmálum, þar með talið þær sem varða verndun villtra dýra, byggjast aldrei á hlutlausri vísindalegri þekkingu einni og sér, heldur einnig á huglægum sjónarmiðum um hvað vernda ber, fjárhagslegum ramma og þrýstingi samfélagsins. Verndarsvæði, tegunafriðun og aðrar aðferðir náttúruverndar byggjast á þessari lífpolítík, sem stöðugt er í gangi. Líffræðileg og vistfræðileg þekking er þýðingarmikill hluti hennar, en mikilvægt er að viðurkenna að hún er aldrei eina forsenda ákvarðana um verndun.

Eitt af því sem umhverfishugvísindafólk hefur bent á, en sem furðu sjaldan er viðurkennt opinskátt, er að fagurferðileg³² sjónarmið og önnur menningarlega skilgreind gildi vega iðulega þungt í lífpolítískri umræðu um vernd

Allen Lane, 2001[1982], bls. 326–348. Gott yfirlit á íslensku um lífvald má finna í 15. árgangi tímaritsins *Hugar*. Sjá t.d. Garðar Árnason, „Vísindi, gagnrýni, sannleikur: Hugleiðingar um Michel Foucault og vísindaheimspeki“, *Hugur* 15/2004, bls. 197–215, hér bls. 209–210. Um stjórnhygð, sjá Edda R. H. Waage og Karl Benediktsson, „Performing expertise: landscape, governmentality and conservation planning in Iceland“, *Journal of Environmental Policy & Planning* 12: 1/2010, bls. 1–22, hér bls. 4–5. Aðrar þýðingar hafa sést á hugtakinu, til að mynda *yfirvald, hugarfarsstjórnun* og einfaldlega *stjórnun*, en ekkert þeirra teljum við sérlega heppilegt.

³¹ Hugtakið *umhverfisstjórnhygð* (e. *environmentality*) hefur verið notað til að greina stjórnun umhverfismála á grundvelli hugmynda Foucaults. Sjá Arun Agrawal, *Environmentalism: Technologies of Government and the Making of Subjects*, Durham NC: Duke University Press, 2005.

³² Hér fylgjum við tillögu Njarðar Sigurjónssonar og tölum um hið fagurferðilega frekar en hið fagurferðilega (e. *the aesthetic*). Sjá Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Vá! – Undrun, fegurð og ægifegurð í upplifun af íslenskri náttúru, *Náttúran í ljósskiptunum*, ritstj. Björn Þorsteinsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2016, bls. 143–168.

tegunda og búsvæða þeirra. Slík sjónarmið eru gjarnan álitin heldur léttvæg í samanburði við vísindalega undirbyggðar staðreyndir um stöðu stofna og vistkerfa. Samt er það staðreynd að verndunarstarf beinist mun frekar að dýrategundum sem njóta hylli vegna útlits síns eða meintra persónutöfra heldur en hinum – hafa meiri „útgeislun“ (e. *charisma*).³³ Jafnvel hafa verið lagðar til aðferðir til að markaðssetja á skilvirkan hátt tiltekna áberandi tegundir sem almenningur heillast af til að afla fjár til náttúruverndar.³⁴ Þarna sem annars staðar er ekki endilega jafnt gefið: Í Bandaríkjunum hefur verið sýnt fram á að til verndunar tegunda sem þykja ekki sérlega aðlaðandi er veitt minna fé en til hinna, óháð stöðu stofnanna.³⁵ Og þetta snýst ekki bara um peninga, heldur líka pólitík: Hinar barnslega sjarmerandi pöndur hafa lengi verið virkir þátttakendur í framkvæmd kínverskrar utanríkisstefnu³⁶ og hvítabjörninn hefur fengið stórt hlutverk í alþjóðastjórn málum sem tákni um hremmingar loftslagsbreytinga.³⁷

Lífþólitík byggir því að hluta til á beinum *brifum* (e. *affect*): Þeim viðbrögðum sem fólk reynir á sjálfu sér – og yfirleitt án þess að velta þeim nokkuð fyrir sér – á því augnabliki sem tengsl við dýr (og náttúruna almennt) eru mynduð, hvort heldur það er í gegnum sjónræna skynjun eða á annan hátt. Landfræðingurinn Jamie Lorimer³⁸ hefur lagt til að þrenns konar „útgeislun“ skipti máli til að skilja hvaða dýr höfði mest til fólks – einnig vísindafólks – og njóti þar af leiðandi mestrar athygli í náttúruvernd. *Fagurferðileg útgeislun*, sem áður var minnst á, er einungis eitt þessara atriða. Lorimer heldur því fram að líka skipti máli hvernig dýrið í heild verður skynjanlegt og skiljanlegt mönnum – í þeirra eigin „umheimi“. Þetta kallar hann *vistfræðilega útgeislun*. Sjónræn skynjun er að sjálfsögðu mikilvæg í þessu samhengi, en þeir sem starfa að rannsóknum á tilteknum dýrum eða

³³ Jamie Lorimer, „Nonhuman charisma“, *Environment and Planning D: Society and Space* 25: 5/2007, bls. 911–932.

³⁴ Diogo Verissimo, Douglas C. MacMillan og Robert J. Smith, „Toward a systematic approach for identifying conservation flagships“, *Conservation Letters* 4: 1/2011, bls. 1–8.

³⁵ Leah R. Gerber, „Conservation triage or injurious neglect in endangered species recovery“, *Proceedings of the National Academy of Sciences of the United States of America* 113: 13/2016, bls. 3563–3566.

³⁶ Kathleen Carmel Buckingham, Jonathan Neil William David og Paul Jepson, „Diplomats and refugees: Panda diplomacy, soft ‘cuddly’ power, and the new trajectory in panda conservation“, *Environmental Practice* 15: 3/2013, bls. 262–270.

³⁷ Kathryn Yusoff, „Biopolitical economies and the political aesthetics of climate change“, *Theory, Culture and Society* 27: 2–3/2010, bls. 73–99.

³⁸ Jamie Lorimer, *Wildlife in the Anthropocene*, 2. kafli, bls. 35–55.

hafa sérstakan áhuga á einhverjum tegundum, t.d. fuglaskoðarar, verða oft afar næmir fyrir hvers konar öðrum ummerkjum um veru dýrsins í hinu stærra mengi lífs á tilteknu svæði – hljóðum, jafnvel lykt. Auk skynfæranna hafa líf- og vistfræðingar yfir að ráða sífellt fullkomnari tækjabúnaði til að bera kennsl á þau dýr sem þeir rannsaka, sem minnkar alls ekki möguleikana á að verða fyrir hrifum heldur eykur þá frekar. Loks talar Lorimer um *líkamlega útgeishun* – hrif sem verða við beina líkamlega snertingu. Sá sem strokið hefur kettinum sínum eða klappað hesti kannast við þetta, sem og sá sem hefur tekið upp fuglsunga úti í móa og fundið mýkt dúnsins í lófa sér. Hinar þrjár tegundir hrifa er oft erfitt að greina í sundur, en saman gefa þær hugmynd um hversu margslungið samband manna og dýra jafnan er.

Fyrir þann sem hefur gert tiltekna tegund að rannsóknaviðfangi sínu koma því hrif og tilfinningar óhjákvæmilega mjög við sögu, ekki síður en þau vísindalegu gögn sem t.d. mat á stærð stofna byggir á. Þetta kemur oft skýrt fram í málflutningi náttúruvísindamanna í samfélagsumræðu um viðfangsefni sín, þótt þeir reyni jafnan í vísindalegum skrifum sínum að halda slíku utan við. Hið sama gildir jafnvel enn frekar ef við víkkum sjónsviðið út fyrir náttúruvísindalegar rannsóknir og skoðum hvernig spilast úr árekstrum manna og dýra. Mat á gildi tegundar er menningarlega mótað; háð þeim hrifum sem fólk hefur orðið fyrir í sögunni og samtímanum í gegnum margvísleg tengsl sín við viðkomandi tegund og þeim táknrænu tengingum sem hafa orðið til. Ekki er síður mikilvægt að átta sig á því að dýrin sjálf eru ekki óvirkir þolendur, heldur virkir gerendur. Allt skiptir þetta máli þegar skoðað er hvernig sambúð álfra og manna hefur verið háttað á Íslandi í gegnum söguna og hvernig lífþólitík fuglaverndar hefur þróast. Í næsta hluta greinarinnar lítum við stuttlega á hvernig nýtingar- og verndarsjónarmið hafa kallast á í gegnum tíðina, sem og þá táknrænu merkingu sem hlaðist hefur á álfina.

Sögur af álfri

Nytjar fyrir á tímum

Af fornum heimildum að dæma virðist sem álfir hafi á fyrstu öldum byggðar í landinu verið meðal hinna mestu nytjafugla. Skýr ákvæði eru í bæði Grágás og Jónsbók um veiðirétt á álfinni. Þannig er tekið fram að landeigendur hafi óskoraðan rétt til að veiða álfir á sínu landi, en að bannað sé að veiða álfir á annarra manna eignarlandi.³⁹ Ákvæði eru í Grágás um veiðar á vötnum sem

³⁹ *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Reykjavík: Mál og menning, 1992, bls. 349–350; *Jónsbók: Lögbook Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð*

snúa bæði að fiskum og fuglum, sem sýnir að fuglar voru ekki aðeins veiddir á landi.⁴⁰ Ákvæðin snúa sum að veiðiréttindum, ef tiltekið vatn var í sameign nokkurra landeigenda. Önnur ákvæði fjalla um veiðar á vötnum í almenn-ingum. Ekki er þess getið í Grágás hvaða fuglar voru veiddir á vötnum, en í Jónsbók er minnst á álftr í þessu sambandi.⁴¹

Aðrar heimildir sýna að álftr voru veiddar bæði á vötnum og landi og að hvort tveggja taldist til mikilvægra hlunninda, sem og eggjataka úr álfthreiðrum. Í máldögum nokkurra kirkjujarða frá 13.-16. öld, er getið um réttindi til nytja af álftrinni víðs vegar um landið. Sem dæmi þá er þess getið í máldögum fyrir kirkjuna í Gaulverjabæ, frá árunum 1220,⁴² 1356,⁴³ 1397⁴⁴ og 1553,⁴⁵ að kirkjan hafi átt öll álfthreiður sem finna mátti í Galtastaðarlandi. Eins kemur fram í máldögum Skálholtsbiskupa frá árunum 1343,⁴⁶ 1397⁴⁷ og 1575,⁴⁸ að Mariukirkja að Stafafelli í Lóni hafi átt allar álftrveiðar á Lóni. Í máldögum fyrir Gilsbakkakirkju á Hvítarásíðu frá árunum 1306⁴⁹ og 1397⁵⁰ er þess meira að segja getið að kirkjan hafi átt svokallað „álftrveiðiskip“, enda átti kirkjan töluverð álftrveiðiréttindi, bæði á flóa og vötnum.

Álftr virðist hafa notið ákveðinnar sérstöðu meðal annarra nytjafugla, sem sést best á því að um hana er á nokkrum stöðum fjallað sérstaklega bæði í Grágás og Jónsbók. Í Jónsbók er til að mynda að finna ákvæði um hvernig eignarhaldi á álftrinni skuli háttað út frá vali hennar á varpstað, og eins hvernig fara skuli með eignarhaldið kjósi merkt álftr að flytja varpstað sinn á annars manns land.⁵¹ Í Grágás og Jónsbók eru ákvæði um hvernig réttindum til nytja af álftrinni, bæði eggja og unga, skuli háttað á landi sem er

um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004, bls. 196–197.

⁴⁰ *Grágás*, bls. 350–351.

⁴¹ *Jónsbók*, bls. 197.

⁴² *Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenska menn*, fyrsta bindi, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857–76, bls. 404.

⁴³ *Diplomatarium Islandicum*, þriðja bindi, 1896, bls. 114.

⁴⁴ *Diplomatarium Islandicum*, fjórða bindi, 1897, bls. 57.

⁴⁵ *Diplomatarium Islandicum*, tólfta bindi, 1923–32, bls. 657.

⁴⁶ *Diplomatarium Islandicum*, annað bindi, 1893, bls. 769.

⁴⁷ *Diplomatarium Islandicum*, fjórða bindi, bls. 201.

⁴⁸ *Diplomatarium Islandicum*, fimmtánda bindi, 1947–50, bls. 696.

⁴⁹ *Diplomatarium Islandicum*, annað bindi, bls. 359.

⁵⁰ *Diplomatarium Islandicum*, fjórða bindi, bls. 121.

⁵¹ *Jónsbók*, bls. 197.

selt eða leigt, ef álfir á því landi verpa fyrir fardaga.⁵² Athyglisvert er í þessu samhengi hvernig lagaákvæðin taka mið af hegðun álfarinnar og mæla fyrir um viðbrögð við þeim, en um aðra fugla er ekki fjallað á þessum forsendum í fornum íslenskum lögum. Þannig virðist sem gerendahæfni álfarinnar birtist í þessu nytjasambandi manns og álfar fyrir á tímum; útfærsla laganna tekur mið af hegðun fuglsins. Hafa ber þó í huga þá sérstöðu sem álfir hefur meðal annarra fugla sem nýttir voru, bæði hvað varðar stærð en einnig hvað varðar hátterni. Þótt álfir séu alla jafna félagslyndir fuglar og haldi sig í hópum, þá breytist það yfir varptímum. Þá halda álfapör sig fjarri öðrum álfum. Hreiður þeirra, sem oftast má finna nálægt ám og vötnum, eru stök og langt frá öðrum hreiðrum⁵³ og þar af leiðandi mjög fá ef nokkur á hverri landareign. Þetta gerði hvert álfapar og hreiður þess verðmætari hlunnindi en ella.

Ýmis örnefni tengd álfinni undirstrika sýnileika hennar í íslensku landslagi allt frá upphafi byggðar. Í *Landnámabók* er til dæmis að finna þessi örnefni: Álfafjörður hinn syðri, Álfafjörður hinn nyrðri, Álfanes, Álfá og Álfaver. Í sumum tilfellum virðist sem nafngiftin vísi til veiða á álfinni. Þannig segir í *Landnámabók* þar sem gerð er grein fyrir landnámi Molda-Gnúps í Álfaveri, milli Kúðaflióts og Eyjarár: „Þar var þá vatn mikið og álfveiðar á“.⁵⁴ Sambærilega sögu er að segja af landnámi Skalla-Gríms í Borgarfirði, eins og því er lýst í *Egilssögu*: „Um vorið, þá er Skalla-Grímur lét reka kvikfé sitt utan með sjó, þá komu þeir á nes eitt lítið og veiddu þar álfir nokkurar og kölluðu Álfanes“.⁵⁵

Um veiðiaðferðir og eiginlegar nytjar af álfinni er þó ekki getið í fyrrgreindum heimildum, en í *Íslenskum þjóðbáttum* segir að tíðkast hafi að fara í álfaver í ágústmánuði þegar álfir voru í sárum.⁵⁶ Þar segir einnig að algeng veiðiaðferð hafi verið að hlaupa álfirnar uppi á hestbaki, eða að siga á þær hundum. Þær voru síðan rotaðar með svipum eða prikum. Eins voru álfarungar sums staðar veiddir á vað. Kjötið var étið, bæði af ungum og

⁵² *Grágás*, bls. 345 og 350; *Jónsbók*, bls. 163.

⁵³ Á hverjum 100 km² getur fjöldi álfahreiðra verið á bilinu 5–20 hreiður. Mark Brazil, *The Whooper Swan*, London: T & A D Poyser, 2003, bls. 306–313.

⁵⁴ „Landnámabók“, *Íslendingabók Landnámabók*, 1. bindi, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1968, bls. 29–397, hér bls. 331.

⁵⁵ „Egilssaga“, *Íslendingasögur og þættir*, fyrsta bindi, ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson, Reykjavík: Svart á hvítu, 1987, bls. 402.

⁵⁶ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðþættir*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1961, bls. 86.

fullorðnum fuglum. Fornleifauppgröftur á seli frá landsnámsöld, þar sem fundist hafa álfatabein í ruslahaug, rennir stoðum undir það að frá upphafi byggðar í landinu hafi landsmenn lagt sér álfdir til munns.⁵⁷ Jón Theodórs-son, frá Gilsfjarðarbrekku í Gilsfirði, rifjar upp að á æskuárum hans, undir aldamótin 1900, hafi „ung álftr [þótt] góð í matinn og skrokkurinn talinn til jafns við fráfærulamb“.⁵⁸ Hvað varðar önnur not af álftrinni en kjötið, þá var skinn af fitjum notað í peningabuddur og fjaðrir voru notaðar í penna og drykkjarpípur handa börnum.⁵⁹ Rétt er hér að minnast þess að fjaðrir voru einmitt þau skriffæri sem notuð voru við skrif á handritunum og þóttu álfta-fjaðrir sérlega góðar til slíks brúks.⁶⁰

Í áðurnefndum minningum Jóns Theodórssonar lýsir hann því hvernig ungir jafnt sem fullorðnir söfnuðu álftafjögðrum í fjörunni, hreinsuðu og þerruðu. Fjaðrirnar voru síðan seldar í kaupstaði að hausti. Var þetta hin mesta búbót. Álftafulurðir voru einmitt verslunarvara um langa tíð. Í handriti af Búalögum frá 15. öld kemur fram að verslað var með gamalálft.⁶¹ Hið sama kemur fram í prentaðri útgáfu af Búalögum frá árinu 1775.⁶² Auk gamalálftar er þar einnig verð á álftradún og álftrarhömum.⁶³ Álftafulurðir voru ekki einvörðungu til brúks innanlands. Útflutningstölur frá 18. og 19. öld sýna talsverðan útflutning á fjögðrum og hömum.⁶⁴ Slíkur varningur virðist meðal annars hafa verið nýttur í hatta og annan tískufatnað efri stéttar í Evrópu og Bandaríkjunum.⁶⁵

⁵⁷ Gavin Lucas, „Pálstóftir: a Viking age shieling in Iceland“, *Norwegian Archaeological Review* 41/2008, bls. 85–100. Við þökkum Birnu Lárusdóttur fornleifafræðingi fyrir ábendinguna.

⁵⁸ Jón Theodórs-son, „Álfdir og álftafjaðrir“, *Eimreiðin* 42: 3/1936, bls. 236–238, hér bls. 236.

⁵⁹ Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðbættir*, bls. 87.

⁶⁰ Soffía Guðmundsdóttir og Laufey Guðnadóttir, „Bókagerð á miðöldum“, *Handritin: Ritgerðir um íslensk miðaldabandrit, sögu þeirra og ábrif*, ritstj. Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason, Reykjavík: Stofnun Arna Magnússonar á Íslandi, 2002, bls. 45–61, hér bls. 51.

⁶¹ Búalög um verðlag og allskonar venjur í viðskiptum og búskap á Íslandi. 1. Hepti. Sögufélag gaf út. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1915, Búalög III, bls. 31–45, hér bls. 40.

⁶² Búalög eður verðlag fornt og nýtt, Prentuð að Hrappsey árið 1775, bls. 1–125, hér bls. 41.

⁶³ Búalög 1775, bls. 66.

⁶⁴ *Hagskinna* – Sögulegar hagtölur um Ísland, ritstj. Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík: Hagstofan, 1997, bls. 416–429.

⁶⁵ Robin W. Doughty, *Feather Fashion and Bird Preservation: A study in nature protection*,

Ímynd kvenleika, heilagleika, fegurðar og frelsis

Svo virðist sem í hugmyndum Íslendinga til forna hafi álftein þó jafnframt haft aðra og dýpri merkingu en nytjagildi hennar eitt og sér sagði til um. Í tveimur Íslendingasagnanna er að finna dæmi þar sem álf t birtist karlmanni í draumi og þá sem tákngervingur mikilvægrar kvenpersónu í lífi hans. Þannig segir í upphafi *Gunnlaugs sögu ormstungu* frá draumi Þorsteins Egilssonar þar sem tókust á tveir ernir um „álf t eina væna og fagra“, með þeim afleiðingum að báðir ernirnir létu lífið, en eftir sat álftein „hnipin mjög og dapurleg.“⁶⁶ Var þessi draumur enda fyrirboði um örlagarík átök þeirra Gunnlaugs Illugasonar og Hrafns Öndarsonar vegna Helgu fögru, dóttur Þorsteins. Í *Flóamannasögu*, þar sem segir frá Þorgílsi Þórðarsyni, greinir frá því þegar álf t ein birtist honum í draumi, „og var hún blíð við aðra en mig. Þá hristi ég hana og var þá betur.“⁶⁷ Í sögunni var draumurinn túlkaður sem fyrirboði um samband Þorgíls og hugsanlegs kvonfangs hans. Gekk hann enda eftir, eins og fram kemur í lýsingu á hjónabandi þeirra Þorgíls og Helgu Þóroddsdóttur. Í þessu samhengi má nefna þá þjóðtrú meðal Íslendinga að fylgjur fríðra kvenna voru sagðar vera í álf tarlíki.⁶⁸

Skírskotun álf tarinnar til kvenleikans er ekki einskorðuð við þessi tvö dæmi í Íslendingasögnum, heldur á slíkt sagnaminni sér djúpar rætur í norrænni menningu. Í upphafi *Völundarkviðu* Eddukvæðanna segir til dæmis frá þremur valkyrjum, þeim Hlaðguði svanhvítu, Hervöru alvitru og Ölrúnu Kjásdóttur, sem íklæddar álf tarhömum höfðu flogið að strönd Úlfjávar. Þar urðu þær á vegi þriggja sona Finnakonungs sem höfðu þær heim með sér. Dvöldu valkyrjurnar hjá þeim bræðrum í sjö ár en flugu þá á braut aftur.⁶⁹

Annað grundvallarrit hins norræna menningararfs varpar mögulega einhverju ljósi á þetta. Í *Snorra-Eddu* koma svanir ekki einungis við sögu, heldur er uppruni tegundarinnar þar útskýrður. Segir þannig frá því að í Urðarbrunni hafi fæðst tveir svanir og að af þeim sé allt það fuglakyn komið. Hvíti liturinn skýrist af því að vatnið í Urðarbrunni var svo heilagt að allt það sem kom í brunninn varð jafnhvitt og skjall innan í eggi.⁷⁰ Má af þessu draga þá ályktun að ákveðinn heilagleiki hafi verið tengdur álf tinni til forna. Í þessu samhengi er það eftirtektarvert að í báðum þeim draumum úr Ís-

Berkeley: University of California Press, 1975.

⁶⁶ „Gunnlaugs saga ormstungu“, *Íslendingasögur og þættir*, annað bindi, bls. 1167.

⁶⁷ „Flóamannasaga“, *Íslendingasögur og þættir*, fyrsta bindi, bls. 751.

⁶⁸ Jón Árnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*, Leipzig: J.C. Hinrichs's bókaverslun, 1862, bls. 355.

⁶⁹ *Eddukvæði*, Ólafur Briem bjó til útgáfu, Reykjavík: Skálholt, 1968, bls. 236.

⁷⁰ Snorri Sturluson, *Edda*, Reykjavík: Iðunn, 2003, bls. 82.

lendingasögunum sem greint var frá hér að framan, var álftein tákngervingur konu sem síðar kom í ljós að bar eiginnafnið Helga.

Svanir koma aftur við sögu í Snorra-Eddu, þar sem segir frá samskiptum Njarðar og konu hans Skaða. Njörður vildi búa í Nóatúnum nálægt hafinu en Skaði vildi búa í Prymheimum til fjalla, enda var hún af ætt jötna. Þau komu sér saman um að vera níu nætur á hvorum stað. Ekki lukkaðist það sem skyldi og sagði Njörður meðal annars um þessa reynslu sína: „Úlfa þytr / mér þótti illr vera / hjá söngvi svana.“⁷¹ Þetta hefur Árni Óla túlkað til samræmis við þann dóm íslenskrar þjóðtrúar „að svanurinn hafi ‚himneska‘ rödd en ‚helvískan‘ anda“.⁷² Þannig á söngur svansins að vera sá fegursti sem til er, en andardráttur hans banvænn.

Ímynd álftrarinnar virðist þannig hafa verið margþætt meðal forfeðra okkar: Í einn stað var álftein mikilvægur nytjafugl, í annan stað var hún umvafin kvenlegum heilagleika, í þriðja stað var álftein tengd dauða.

Þegar kemur fram á níjtjándu öldina verður álftein að yrkisefni í kvæðum ýmissa skálda og fær þá um leið nýja merkingu. „Eins og þegar álftrir af ísa-grárri spaung / fljúga austur heiði með fjaðrapit og saung“ orti Jónas Hallgrímsson.⁷³ Þær myndir sem gjarnan eru dregnar upp í kveðskap þessa tíma sýna álfteina einmitt í íslensku landslagi, þar sem hún ýmist líður tignarlega um á vötnum eða svífur yfir heiðar. Þorsteinn Erlingsson,⁷⁴ eitt af rómantísku skáldum Íslands, orti þetta frá Kaupmannahöfn:

Tamdir svanir

Nú hefja fuglar sumarsaung
á sínum bjarta vegi,
og von er þjer sje þögnin laung
á þessum glaða degi.
En hvernig ætti að óma nú
þinn álftrarómur blíði?
á forarvættli verður þú
að vera borgar-prýði.

⁷¹ Sama rit, bls. 99.

⁷² Árni Óla, *Grúsk V: Greinar um þjóðleg fræði*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1976, bls. 90.

⁷³ Jónas Hallgrímsson, „Álfareiðin“, *Fjölur* 6/1843, bls. 38.

⁷⁴ Þorsteinn Erlingsson, „Tamdir svanir“, *Dýravinurinn* 5/1893, bls. 34–35.

Og von er þjer sje hrygð í hug,
og horfinn mesti blóminn,
er mist þú hefur frelsi, flug,
og fagurgjalla róminn.
En ekkert böl þig beygja má,
þú ber þó langt af öðrum
þó svartri for þú sitjir á
og sjert með stýfðum fjöðrum —

Jeg veit hvar álpt frá veiði fer
af víði köldum svifin,
og fjöður hálf þar eingin er
og ekki sauri drifin;
á breiðum vængjum fer hún frjáls
með fjallabeltum háum
og speiglar sinn inn hvíta háls
í heiðarvötnum bláum.

Kveðskapur sem þessi undirstrikar þannig oftast en ekki fegurð náttúrunnar, en vísar jafnframt til einhverrar óyrtrar frelsistilfinningar. Slíkar tákmyndir áttu hljómgrunn í þjóðernishyggu þessa tíma, sem og dýravernd byggðri á mannhyggu, sem þá var í burðarliðnum.

Friðun álfarinnar

Fyrstu almennu fuglafriðunarlögin sem sett voru hér á landi tóku gildi árið 1882.⁷⁵ Með þeirri lagasetningu var álftein ein fjölmargra tegunda sem friðuð var hluta úr ári, eða frá 1. maí til 20. ágúst. Álftein var þó ekki nefnd sérstaklega í þessum fyrstu lögum og ekki virðist hún ein og sér heldur hafa verið mönnum sérlegur hvati að lagasetningunni, heldur var hún í hópi „allra annarra fugla“ en þeirra sem sérstaklega var tiltekið að væru alfriðaðir eða ekki friðaðir, og voru þar með hálffriðaðir.

Ný fuglafriðunarlög voru sett árið 1903.⁷⁶ Með þeirri lagasetningu urðu þau nýmæli að sérstakt ákvæði var um álfteina, og var þar friðunartími hennar lengdur frá því sem var og því sem almennt gilti um hálffriðaða fugla. Nokkur umræða spannst á Alþingi áður en lögin voru samþykkt, bæði um

⁷⁵ Lög um friðun fugla og hreindýra, nr. 6/1882.

⁷⁶ Lög um friðun fugla, nr. 50/1903.

fríðun álfatarinnar almennt og eins um lengd fríðunartímans. Þau rök sem urðu ofan á virðast einkum hafa miðað að því að tryggja nytjar af álfinni til framtíðar. Þannig sagði Hannes Þorsteinsson, þingmaður Árnesinga og annar flutningsmaður frumvarpsins:

Það er athugandi við fríðunarlög, að of lítil fríðun spillir atvinnuvegi manna, sakir þess, að fuglategundir, er menn hafa mikinn arð af, eru þá drepnar um of, svo að fuglinn gengur til þurðar, en hins vegar hnekki of mikil fríðun atvinnu manna, að því leyti, að þá verður veiðin um of takmörkuð, en hæfileg fríðun er ávalt til bóta, en aldrei til spillis eða hnekkis. Vér höfum nú viljað fara meðalveg í fríðunarákvörðunum. Áður hefir atvinnu manna verið spilt með ónógri fríðun á rjúpum og svönum, en vér höfum á hinn bóginn ekki viljað taka stökkið of langt.⁷⁷

Úr orðum hans má lesa það mat að veiðar á álf tafi verið umfram það sem æskilegt væri til að stofninn héldi velli. Tölur um veiðar á þessum tíma eru ekki til. Tölur um útflutning á álfarhömum gefa þó einhverja vísbendingu um umfang veiðanna. Árið á undan, eða 1902, voru fluttir út 379 álfarhamir frá Íslandi.⁷⁸ Það var um fimm sinnum meira en verið hafði undangengin þrjú ár, og umtalsvert meira en verið hafði á átjándu og níttjándu öldinni. Af þessu má draga þá ályktun að kapp hafi hlaupið í álfaveiðar rétt upp úr aldamótunum, og að það skýri mat Hannesar. Sjálfur tiltók hann sérstaklega að ástæðan fyrir lengri fríðun um vorið væri sú að tryggja verndun yfir varptímamann, en lengri tími fram á haustið væri til að koma í veg fyrir veiði meðan álf tin er í sárum. Vísaði hann í því samhengi til þess að á Grænlandi hefðu álf tin verið strádreppnar á meðan þær voru í sárum, þannig að tegundin hefði þar gjöreyðst, og taldi hann að svo gæti einnig farið hér. Hugmyndin um útrýmingu tegundarinnar var þannig hluti af orðræðunni á Alþingi sumarið 1903.

En fleiri hugmyndir voru á lofti og fannst sumum ekki nógu langt gengið. Tryggvi Gunnarsson, alþingismaður Reykvíkinga á þeim tíma, var einn þriggja nefndarmanna sem tók frumvarpið til umfjöllunar, ásamt áður nefndum Hannesi og Stefáni Stefánssyni, hinum flutningsmanni frumvarpsins. Í umræðum sagðist Tryggvi ósáttur við þann rökstuðning sem Hannes viðhafði, þ.e. verndun sem miðar við það „sem mönnunum er hentugt“. Heldur

⁷⁷ *Alþingistíðindi B*, 1903, bls. 1073–1074.

⁷⁸ „Yfirlit yfir aðfluttar og útfluttar vörur árið 1902“, *Landsbagnsskýrslur fyrir Ísland 1903*, bls. 379–388, hér bls. 388.

ætti dýraverndun að miða við það „sem skepnunum er bezt“. Fannst honum galli við frumvarpið að álftein væri ekki alfriðuð heldur hálffriðuð, og bætti svo við:

Ef þær ættu einskis ills von, mundu þær eftir nokkur ár verða eins gæfar við menn eins og æðarfuglarnir, sem sitja hér á uppskipunar-bryggjunum með unga sína á sumrin. Það væri mesta sveita- og landsprýði ef álftirnar sætu á stöðuvötnum og lækjum, fast við tún manna, og tæki við brauðbita af þeim eins og svanir gjöra á vötnunum í Kaupmannahöfn.⁷⁹

Af þessu má sjá hvernig tókust á rök í umræðum um verndun álfтарinnar; annars vegar mannhverf nytjarök og hins vegar lífhverf friðunarrök.⁸⁰ Athyglisvert er hvernig Tryggvi leitast við að afla hugmyndum sínum fylgis með því að vísa til gæflyndis æðarfuglsins, sem var fyrsti fuglinn sem var alfriðaður á Íslandi, en einnig þeirrar prýði sem það væri fyrir sveitir landsins að hafa þar gæfar álftir, og bendir á Kaupmannahöfn sem eftirsóknarverða fyrirmynd í því samhengi. Fagurferðilegum rökum var þannig beitt til að afla lífhverfum rökum fylgis. Tryggvi Gunnarsson hafði búið í Kaupmannahöfn árum saman, líkt og margir aðrir menntamenn þess tíma. Auk þess að sinna störfum sem alþingismaður var Tryggvi framámaður í íslensku viðskiptalífi sem kunnugt er. En hann var einnig mikill dýraverndunarsinni, eins og orð hans hér að framan eru til vitnis um. Hann var ritstjóri tímaritsins *Dýravínurinn* allan útgáfutíma þess, frá 1893 til 1916, og einn af stofnendum Dýraverndunarfélags Íslands árið 1914 og formaður þess til æviloka. Árið 1903 taldi hann þó að hugmyndir þær um dýravernd, sem hann bar á borð í sölum Alþingis, væru ekki enn búnar að ná fótfestu meðal landsmanna, og því sættist hann á hálffriðun álfтарinnar.

Ljóst er af umræðunum að nytjar af álftinni voru taldar mikilvægar í byrjun 20. aldar. Hermann Jónasson, þingmaður Húnvetninga, setti lengdan friðunartíma fyrir sig. Hans mat var þetta: „Annars ætti helzt að mega drepa svaninn sem lengst fram eftir á vorin, þá er hann feitastur og mestur arður af honum.“⁸¹ Rökstuddi hann veiðarnar meðal annars með því að ef álftinni fjölgaði um of myndi hún hrynja niður úr hungri, enda þau landsvæði tak-

⁷⁹ *Alþingistíðindi B*, 1903, bls. 1082.

⁸⁰ Um muninn á *verndun* og *friðun*, sjá Ólafur Páll Jónsson, *Náttúra, vald og verðmæti*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007, bls. 35–36.

⁸¹ *Alþingistíðindi B*, 1903, bls. 1085.

mörkuð hér sem hún gæti lifað á yfir vetrartímamann. Vísaði hann til þess að veturna 1880–81 og 1901–02 hefðu fjölmargar álfir farist úr hungri. Svo fór þó að álftein var friðuð aðeins lengur en aðrir andfuglar, eða frá 1. apríl til 15. september.

En skjótt skipast veður í lofti. Tíu árum síðar, árið 1913, er auðséð að tíðarandinn í söllum Alþingis var allur annar en verið hafði. Með nýjum lögum um friðun fugla og eggja var álftein alfriðuð, ásamt 29 öðrum fugla- tegundum. Þar af voru 13 tegundir auk álftrarinnar sem færðust úr flokki hálffriðaðra í flokk alfriðaðra fugla og tvær tegundir sem færðust frá því að njóta enngar friðunar í flokk alfriðaðra fugla.⁸² Í greinargerð með frumvarpinu segir varðandi álfteina:

Þá er svanurinn, og um alfriðun hans má búast við að verði skiftar skoðanir, en nefndin er í engum vafa um, að rjett sje að friða hann. Svannurinn er einhver hin mesta prýði í íslensku fuglalífi, nytjar hans munu mestar í fjaðratöku, og þær nytjar vaxa við friðunina, nytjar af drápi fuglsins sjálfs eru svo litlar, að þeirra vegna verður friðunin að teljast fyllilega rjettmæt. Þess ber og að gæta, að sje svannurinn friðaður, mun hann verða spakari og algengari, verða víðar til yndis og prýði.⁸³

Þótt flutningsmenn frumvarpsins hafi nokkrum sinnum nefnt að þeir óttuðust að tillagan um alfriðun álftrarinnar myndi vekja hörð viðbrögð varð það ekki tilfellið. Umræður voru talsverðar um þetta frumvarp, og það tók miklum breytingum, en átökin snerust fyrst og fremst um friðun rjúpunnar. Fyrsta útgáfa frumvarpsins hafði aðeins falið í sér breytingartillögu á þágildandi lögum hvað varðar friðun rjúpunnar, en þær umræður sem þannig fóru af stað leiddu til þess að frumvarp að nýjum fuglaverndunarlögum var sett fram. Hið nýja frumvarp var mun víðtækara og fól í sér miklar tilfærslur á friðunarstöðu hinna ýmsu fugla, og með hverri umferð í umræðum fjölgaði þeim tegundum sem gerð var tillaga um að væru alfriðaðar. Að vísu kom á einum tímapunkti fram breytingartillaga þess efnis að halda í hálfriðun álftrarinnar, en sú tillaga var ekki einu sinni rökstudd. Breyttar hugmyndir um fuglavernd almennt, sem og samdráttur í nytjum af álfteinni, leiddu til þessarar niðurstöðu. Og þannig kom það til að álftein varð alfriðuð á Íslandi.

⁸² Lög um friðun fugla og eggja, nr. 59/1913.

⁸³ Björn Þorláksson, Jón Jónatansson og Þórarinn Jónsson, *Alþingistíðindi A*, 1913, bls. 387.

Álftastofninn vex og dafnar

Hvort áhyggjur Hannesar Þorsteinssonar um útdauða álftarinnar í byrjun 20. aldar áttu við rök að styðjast er erfitt að meta. Upplýsingar um stærð álftastofnsins á þessum tíma eru ekki til. Af umræðunni blasir þó við að fjöldi álfta þótti síst of mikill og að hún var almennt ekki til ama. Í byrjun áttunda áratugarins var áætlað að fjöldi álfta sem hefði hér sumardvöl væri á bilinu 5.000–7.000 einstaklingar. Aðeins lítill hluti þeirra var varpfuglar. Mat manna þá var að stærð stofnsins hefði verið nokkuð stöðug aldarfjórðunginn á undan.⁸⁴ Í október 1982 var í fyrsta sinn gerð heildstæð talning víðs vegar um landið og á Bretlandseyjum.⁸⁵ Á grundvelli hennar var áætlað að íslenski álftastofninn teldi um 10.000–11.000 einstaklinga, og væri þar með nærri tvöfalt stærri en áður var talið. Frá árinu 1986 hafa talningar á stofninum verið framkvæmdar í janúar, á u.þ.b. fimm ára fresti, í þeim löndum þar sem íslenski álftastofninn hefur vetursetu. Fjöldi fugla það ár var 16.700.⁸⁶ Ef marka má talningarnar hefur stofninn vaxið að meðaltali um 2,5% á hverju ári síðan. Síðasta talning er frá árinu 2015 og var stofnstærðin þá komin upp í rúmlega 34.000 einstaklinga.⁸⁷ Sú framtíðarsýn að fuglinn yrði algengari hefur því vissulega gengið eftir. En sitt sýnist hverjum um ágæti þess.

Arnþór Garðarsson gat þess árið 1975 að af og til heyrðust raddir þess efnis að álftum hefði fjölgað um of og að þær yllu skaða á gróðri.⁸⁸ Þetta virðist hafa tengst túnrækt bænda fyrst og fremst. Tún höfðu verið stækkuð mjög frá því sem var áður en landbúnaður vélvæddist að ráði. Stækkunin varð meðal annars möguleg með tilkomu skurðgröfunnar og stórfelldri þurrkun mýra í kjölfarið. Þessi breyting þrengdi að sjálfsögðu mjög að ýmsum votlendisfuglum, en þegar frá leið var það önnur breyting á landnýtingu sem tók að valda núningi við álftir: Aukin kornrækt.

Kornrækt hófst að nýju eftir margra alda hlé árið 1923. Fyrst var einungis um tilraunir í smáum stíl að ræða, en um 1960 voru allnokkrir bændur farnir

⁸⁴ Arnþór Garðarsson, „Íslenskir votlendisfuglar“, *Votlendi, Rit Landverndar nr. 4*, 1975, bls. 100–134.

⁸⁵ Arnþór Garðarsson og Kristinn Skarphéðinsson, „A census of the Icelandic whooper swan population“, *Wildfowl* 35/1984, bls. 37–47.

⁸⁶ David G. Salmon og Jeffery M. Black, „The January 1986 whooper swan census in Britain, Ireland and Iceland“, *Wildfowl* 37/1986, bls. 172–174.

⁸⁷ Colette Hall, Olivia Crowe, Graham McElwaine, Ólafur Einarson, Neil Calbrade og Eileen Rees, „Population size and breeding success of the Icelandic Whooper Swan *Cygnus cygnus*: results of the 2015 international census“, *Wildfowl* 66/2016, bls. 75–97.

⁸⁸ Arnþór Garðarsson, „Íslenskir votlendisfuglar“, bls. 105.

að rækta bygg. Slæmt árferði nokkrum árum síðar batt nánast endi á þessa ræktun. Tilraunir héldu þó áfram og á níunda áratug tuttugustu aldarinnar tóku bændur í ýmsum landshlutum að þreifa fyrir sér á ný um byggæktun. Undir aldamótin hljóp mikill kippur í þessa ræktun og hélt vöxturinn áfram á fyrsta áratug nýrrar aldar. Árið 2009 nam kornuppskeran tæpum 17 þúsund tonnum⁸⁹ og akrarnir náðu yfir nokkur þúsund hektara lands. Öflugt rannsókn- og þróunarstarf var grundvöllur þessa árangurs⁹⁰ og er á engan hallað þótt Jónatan Hermannsson, jarðræktarfræðingur á Rannsóknastofnun landbúnaðarins (síðar Landbúnaðarháskóla Íslands), sé talinn eiga þar mestan þátt. Hann þróaði með kynbótum nokkur yrki sem áttu drjúgan þátt í að gera kornrækt hagkvæma við þær umhverfisaðstæður sem á Íslandi ríkja. Athyglisvert er reyndar að Jónatan og samstarfsmenn völdu yrkjum sínum jafnan fuglanöfn: Lóa, Teista, Skegla, Lómur, Skúmur og Kría.⁹¹

En enginn þessara ágætu fugla hefur reyndar nokkurn tímann látið sig bygg nokkru varða, svo vitað sé. Öðru máli gegnir sannarlega um álfina. Þegar frá leið fjölgaði kvörtunum bænda um ágang álfra (og gæsa) bæði á kornakra og tún. Þegar kom fram á 21. öldina tók árlegur vettvangur þeirra, Búnaðarþing, að senda frá sér reglulegar ályktanir sem beint er að stjórnvöldum um nauðsyn þess að aflétta friðun.⁹² Bændablaðið hefur einnig ítrekað vakið athygli á málinu.⁹³ Lesandi blaðsins gæti dregið þá ályktun af lestri þessara fréttar að nær allir bændur á Íslandi sjái álfina sem óvin fólksins í sveitunum. Ekki hefur þó komið til þess að friðunarákvæðin séu endurskoðuð, en ýmsar rannsóknir hafa verið settar af stað til að slá tölulegu mati á tjónið.

⁸⁹ Hagstofa Íslands, „Uppskeyra og afurðir frá 1977“ (tafla), sótt 24. apríl 2019 af www.hagstofa.is.

⁹⁰ Hrannar Smári Hilmarsson, Magnus Göransson, Morten Lillemo, Þórdís Anna Kristjánsdóttir, Jónatan Hermannsson og Jón Hallsteinn Hallsson, „An overview of barley breeding and variety trials in Iceland in 1987–2014“, *Icelandic Agricultural Sciences* 3/2017, bls. 13–28.

⁹¹ Jónatan Hermannsson, „Kría – nýtt byggyrki frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins“, *Fræðingur landbúnaðarins* 2005, Reykjavík: Bændasamtök Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins, 2005, bls. 412–414.

⁹² „Ályktanir búnaðarþings“, *Freyr* 99: 2/2003, bls. 29–39, hér bls. 38–39.

⁹³ Sjá t.d. Freyr Rögnvaldsson, „Álfir og gæsir valda búsifjum – Ríflega 800 þúsund króna tjón hjá einum bónda á Skeiðum“, *Bændablaðið* 13. október 2011, bls. 1, og Hörður Kristjánsson, „Dæmi eru um að stór hluti af ökrum bænda hafi eyðilagst“, *Bændablaðið* 6. febrúar 2014, bls. 1.

Álftir á ökrum bænda

Sambúð bænda og álfta í seinni tíð er skýrt dæmi um árekstra manna og dýra og hefur á köflum virst á góðri leið með að þróast í fullkominn fjandskap. Til að kafa dýpra í þessa árekstra heimsóttum við nokkra sunnlenska bændur og tókum við þá viðtöl.⁹⁴ Alls urðu viðmælendurnir níu. Jarðirnar sem þeir búa á eru dreifðar um Árnes- og Rangárvallasýslur, bæði lágsveitir og uppsveitir. Sumar liggja við ár eða vötn en aðrar ekki. Á öllum hefur verið stunduð einhver kornrækt. Viðtölin leiddu í ljós að reynsla bændanna af sambýli við álftir er með ýmsu móti. Hið sama gildir um viðhorf þeirra til fuglanna almennt, sem og til þess hvort aflétta bæri friðun þeirra. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkru af því sem fram kom. Nöfnum viðmælenda hefur verið breytt svo þeir þekkest ekki.

Álftirnar og búskapurinn

Í hópi viðmælendanna voru Rögnvaldur og Valgeir, sem báðir tala einfaldlega um álftirnar sem „helvítis kvikindi“ og „plágu“. Svipaður tónn er sleginn hjá Dagbjarti, sem segir:

Í fyrra eyðilagði álftin allt fyrir mér, og í hitteðfyrra eyðilagði hún svona helminginn.

Aðrir taka í svipaðan streng, en ekki alveg allir þó: Huginn segist vita af talsverðum skaða á túnnum og ökrum ýmissa nággranna sinna, en telur sitt eigið tjón tiltölulega léttvægt:

Við—látum þetta yfir okkur ganga, eins og sagt er.

Hann virðist hafa fremur umburðarlynda afstöðu gagnvart fuglunum, þótt hann sýni skilning á harðari afstöðu þeirra bænda sem verða fyrir meira tjóni en hann sjálfur.

Tjónið snertir bæði tún og kornakra. Á vorin er það nýgræðingurinn á túnunum sem stórir hópar fugla sækja í að loknu flugi sínu frá vetrarstöðvum í Evrópu. Huginn segir að geldfuglar hreinsi túnin stundum svo rækilega að vorinu að ekki þýði að slá þau fyrr en talsvert sé liðið á sumar. Gæsir, bæði grágæsir og heiðagæsir, eiga þarna ekki síður hlut að máli en álftir. Munurinn er sá að gæsirnar eru ekki friðaðar. Staðhæft var þó að álftir gætu valdið mun meiri skaða á túnnum, þar eð þær gætu rifið grasið upp með rótum. Hins

⁹⁴ Nánari lýsingu á aðferðafræðinni er að finna í Shauna Laurel Jones, *Feathered majesty in the grainfield? Conflict, conservation and the whooper swan in Iceland* [meistaraprófsritgerð], Reykjavík: Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindadeild, 2018.

vegar er ekki auðvelt að áætla hversu miklu heyi bóndinn verður af sökum þessa. Pálmi segir:

Ég slæ þessi tún, ég geri það, tvisvar sinnum. Ég fæ mikið gras af þeim. Fæ ég kannski þremur rúllum minna eða tuttugu, eða—? Maður getur ekkert alveg metið það. Þannig að kannski er tjónið meira svona—það er svolítið mikið tilfinningalegt líka. Kannski er magnið ekkert svo mikið. Maður sér að það er ljótur blettur hérna eftir hana—kannski er þetta ekkert sem skiptir neitt rosalega miklu máli, ef maður er að heyja svona þúsund rúllur. Það er kannski ekki endilega mikið magn sem maður er að tapa. En þetta er voðalega ljótt þegar maður sér það.

En það eru kornakrarnir sem hafa verið helsti vettvangur átaka undanfarin ár. Þar getur einnig orðið tjón að vorinu, þegar kornið er nýkomið upp, en haustið er erfiðasti árstíminn. Sá tími þegar kornið er að þroskast fellur saman við þann tíma þegar álfir og gæsir eru að búa sig til langflugs á ný eftir íslenskt sumar. Á óþresktum byggökum er skjóttekna orku að fá.

En hvernig bera fuglarnir sig að við þessa átleiðangra? Auðveldast er fyrir þá að koma inn á akurinn frá jaðrinum, trampa og éta sér leið inn í byggðið. Akrar sem liggja að árbökkum eru sérstaklega vinsælir, þar eð fuglarnir halda gjarnan til á vatni yfir nóttina og geta þá jafnvel spígsporað beint inn í akurinn að morgni. Álfir geta þó einnig lent á miðjum akri, einkum ef byggðið hefur lagst vegna rigningar, næturfrostu eða hvassviðris. Fyrir kornbóndann er því haustið tími margþættrar óvissu, sem álfir hefur átt sinn þátt í að auka.

Orsakir og gerendur

Lýsingin hér á undan gefur vissulega til kynna að álfir valdi mörgum bændum umtalsverðu angri og tjóni, sem þó er erfitt að slá tölulegu mati á. En þótt margir viðmælendur okkar hefðu horn í síðu fuglsins virtust þeir allir gera sér grein fyrir því að of einfalt væri að skella allri skuld á álfina sjálfa. Arna dregur þetta skýrt fram:

Þú ert kannski með kornakur sem er ekki alveg tilbúinn, og ef álfir kemur og byrjar, þá getur hún náttúrulega eyðilaggt heilan helling, áður en kornið er orðið þannig að þú getir þreskt það. Og svo þegar það er hægt að þreskja, þá er aftur veðrið sem fer að spila inn í. Hvort þú getir þreskt eða ekki. Og því lengri tími sem líður þangað til að það er hægt að þreskja kornið, því meira getur fuglinn

skemmt. Þannig að þetta er svona samspil af nokkrum þáttum, það er kannski ekki hægt að alhæfa að fuglinn einn og sér geri allt, en hann hefur náttúrlega ansi mikil áhrif.

Margir hugleiða þátt þeirra breytinga á landnýtingu sem taldar eru hafa orsakað fjölgun í álfstafnum undanfarin ár, það er aukinnar tún- og kornræktar. Valgeir fullyrðir að byggakrarnir jafngiltu því að það væri „einfaldlega verið að bjóða þeim í veisluborð“. Og Arna tekur fram:

Menn segja í gríni að þú veist að þú ert góður bóndi ef álfirnir eru í túnunum.

Athyglisvert er hins vegar að þótt viðmælendurnir beri kennsl á þátt aukinnar kornræktar í landinu í heild sem orsök fyrir fjölgun álfra gerði enginn þeirra að umtalsefni sinn eigin persónulega þátt í því hvernig komið væri. Talað er um þetta orsakasamband á mjög almennum nótum.

Huginn, sem sýndi í viðtalinu í heild næman skilning á umhverfisbreytingum í nærumhverfi sínu, telur áhrif kornræktarinnar ekki síst koma fram í breyttri hegðun fuglanna:

Mér finnst það hafa breyst eftir að kornræktin kom, að hún er í langtum stærri hópum, bæði gæsin og álfirnir. Þetta eru kannski þúsund fuglar sem koma í einu og eru kannski í nokkra daga, fara svo eitt hvert annað. Áður en þessi kornrækt kom þá var þetta í miklu smærri hópum.

Breytt hegðun var líka gerð að umtalsefni af þeim bændum sem upplifðu álfina sem meiri skaðvald en Huginn. Til að mynda hefur Máni veitt því athygli að álfirnir eru hættar að helga sér óðul við tiltekna tjarnir nálægt býlinu. Arna og Guðbrandur hafa tekið eftir að geldfuglarnir dvelja nú lengur á túnunum en þeir voru áður vanir að gera og fuglarnir virðast enn fremur hafa lært hvar bestu túnin sé að finna. Lárus talar einnig um hæfileika fuglanna til að læra. Hann heldur því fram að álfirnir hafi áður fyrr ekki kært sig mikið um bygg, en hafi á einhverjum tíma „uppgötvað“ að kornið sé þryðileg fæða. Flestir viðmælendur virðast þannig álíta að fuglarnir séu skynsemdarskepnur, sem séu færar um að læra af reynslunni og tileinka sér nýja þekkingu. Þetta leiði aftur til að einstakir fuglar breyti hegðun sinni og hegðun hópanna í heild breytist. Álfirnir eru með öðrum orðum skynsamir félagsverur, sem búa yfir verulegri gerendahæfni að mati bændanna.

Fegurð, hrif, tilfinningar

Bændur hafa augljóslega mikilla hagsmuna að gæta og sjá fuglinn að verulegu leyti með „gagnaugunum“ – með augum gagnsemi og nytjahyggju – samkvæmt því sem þegar hefur komið fram. En skynja þeir álfina einnig sem fagan fugl eða hugleiða annars konar gildi sem hún kynni að hafa?

Í stuttu máli sagt virðast viðmælendurnir frekar telja að fuglar á borð við lóu og rjúpu – sem vissulega skipa ákveðinn sess í íslenskri menningu – hafi fegurðargildi heldur en álfín. Lárusi finnst til dæmis allt tal um fegurð álfíta heldur hjákátlegt. Hann telur að sú skoðun margra Íslendinga að svanir séu sérstaklega fagrir fuglar og hafi mikið tilfinningalegt gildi sé byggð á ímyndum að utan og fari alls ekki saman við þann raunveruleika sem við blasi á hans eigin jörð. Rögnvaldur tekur í svipaðan streng og lýsir kaldhæðnislega yfir að svanurinn sé einungis fallegur „í útlöndum“ og eigi í besta falli heima á Tjörninni í Reykjavík. Hann er eini viðmælandinn sem afneitar því alfarið að fuglinn hafi nokkurt menningarlegt gildi. Ekki minnst hann þess að álfítir hafi verið mikið til umræðu þegar hann var ungur. Aðspurður um tilfinningar sínar gagnvart þeim lýsir hann ótta sínum við álfítapar sem átti óðal sitt á jörðinni þegar hann fluttist þangað. Hann sér bókstaflega enga fegurð í fuglinum og tengir hann neikvæðum tilfinningum.

Flestir hinna viðmælendanna telja hins vegar að svanurinn hafi vissulega til að bera ákveðna fegurð, en vísa til ólíkra atriða í þessu samhengi. Huginn tekur svo til orða:

Mér finnst hún mjög falleg—Mér finnst hún hafa mikið gildi í náttúrunni, eins og þegar hún er með unga á ánni á sumrin, það er mjög gaman að horfa á hana þar.

Pálmi telur fuglinn fegurstan ásýndum í þann mund sem hann sé að lenda á vatni; Arna tekur fram að henni finnist álfítir fallegar á flugi. Lárus minnst líka á þetta og segir til útskýringar að tígulegt vængjablak og teygður háls álfítar á flugi höfði sérstaklega til hans. Þetta tengir hann sérstökum áhuga sínum á flugi yfirleitt. Tengingar af slíku tagi milli hreyfingar og fegurðar eru í samræmi við almenna ímynd svansins sem tígulegs fugls.

Einnig gerir Pálmi söng svananna að umtalsefni, þótt hann taki fram að í þessu tilfalli hafi verið um að ræða sérstakar kringumstæður:

Menn eiga sér svanasöng í pólitík [hlær], og svanasöng í hinu og öðru. En ég hef heyrt þennan svanasöng! Ég vaknaði hérna í gamla húsinu, það er svona tjörn þar fyrir aftan bæinn, það var snemma

vors og opinn gluggi, og ég vaknaði við þennan angurværa söng, mjög angurværa. Ég hlustaði lengi á þetta, það hélt fyrir mér vöku. Ég leit út, það var heilmikið af álfum á flóðinu. Svo um morguninn þegar ég kem út er þessi hópur farinn, en það liggur ein dauð eftir. Hvort sem það var hún sem var að syngja eða félagarnir, ég get ekki alveg sagt um það, en þetta var mjög sérstakt. Þetta voru allt öðruvísi hljóð en maður er vanur úr álfinni. Miklu angurværara, ekki þetta garg sem við heyrum svona dags daglega.

Aðspurður um hvort hann telji þar með að álfín sjálf sé tilfinningavera saminnir hann því:

Ja, ég get alveg ímyndað mér það, að það sé eitthvað svona.

Oft taka viðmælendurnir fram að álfín geti verið falleg „ef hún er í hæfilegu magni“ eins og Huginn orðar það, og hlær við um leið. Flestum er illa við geldfugla í stórum hópum. Augljóslega eru þessi viðhorf tengd atvinnu og fjárhagslegum áhyggjum, enda telja allir bændurnir að tjónið á túnum og ökrum sé langmest af völdum geldfuglanna. Margir viðmælendur taka hins vegar sérstaklega fram að þeim sé heldur hlýtt til svana á hreiðri og telji heldur þrýði að þeim í landslaginu heldur en hitt. Dagbjartur segir:

Það er bara flott að hafa þá verpandi hérna út um allt, og ungana og allt það.

En fleira kemur til en fegurðin, til að mynda ímynd fuglanna fyrir tryggð, þar sem pörin haldi saman í gegnum þykkt og þunnt. Dagbjartur sýnir meira að segja ljósmyndir sem hann hafði tekið af pari með unga – sami kvenfuglinn hefur að hans sögn komið ár eftir ár á árbakkann, fyrst með einum maka en síðan öðrum eftir að hinn fyrri dó. Hann sýnir ótvíræðan áhuga af fagurferðilegum toga á þessari álfafjölskyldu sem hann þekkir orðið svo vel. Auk sjónrænnar fegurðar höfða ljósmyndir hans til rómantískra tilfinninga. En samt er skammt yfir í annars konar tilfinningar:

Ég veit að þær fara svo í kornakurinn. Þannig að ég hugsa: „Andskotinn, hún er með allt of marga unga“.

Valgeir er þeirrar skoðunar að tilfinningaleg tengsl séu forsenda þess að skynja fegurð fuglsins. Hann lýsir því hvernig par á hreiðri nálægt bænum hefði verið „í uppáhaldi“ þegar hann var barn:

Það var passað upp á hana; hundarnir máttu alls ekki fara í þetta og ekki neitt, það var passað upp á það að styggja þær sem minnst.

En hann útskýrir hvernig þetta horfir við honum núna:

Það er eiginlega svona að—þegar hún skemmir svona mikið fyrir manni, þá kannski minnkar líka fegurðin á henni!

Hið fagurferðilega gildi virðist því háð ýmsum skilyrðum, t.d. að það sé bundið við einn eða fáeina fugla, en gufi upp þegar margir komi saman. Nokkrir bændur taka fram að þeir hafi kunnað vel að meta fuglinn, bæði sjónrænt og tilfinningalega, áður en þeir tóku eftir mikilli fjölgun í stofninum. Tveir þessara bænda láta í ljós skilning á því að álfir hafi upphaflega verið friðaðar sökum fegurðar, þótt þeir telji slíkt ekki eiga að ráða för lengur.

Hugmyndir um rökrétt viðbrögð

Þá erum við komin að spurningunni um það hvort tími sé kominn til að aflétta alfriðun álfarinnar, eins og Búnaðarþing hefur ályktað á undanförunum árum. Flestir viðmælendanna álíta árekstrana svo alvarlega að grípa þurfi til aðgerða til að fækka álfum, þótt nokkrir þeirra viðurkenni að þeir viti ekki hver æskileg stofnstærð gæti verið. Ekki kemur allsendis á óvart að nær allir þátttakendur vilja að bændum sjálfum verði leyft að drepa fuglinn til að verja tún sín og akra – og margir eru reyndar mjög áfram um slíkt. Enginn mælir þó með alfrjálsum veiðum. Margir láta í ljós að þeir treysti sportveiðimönnum ekki, sér í lagi ekki veiðimönnum úr borginni. Þá er talið skorta virðingu fyrir bráðinni og þeim er lýst sem yfirgangssömum og tillitslausum. Flestir viðmælendur telja að betra væri að prófa veiðar sem séu háðar leyfi bænda og lúti jafnframt virku eftirliti, þar sem fylgst yrði grannt með fjölda veiddra fugla og greint hver áhrifin yrðu á stofninn. Tákmarkið yrði þá að hluta til að fækka geldfuglum, en einnig að kenna álfunum að halda sig fjarri tünunum og ökrum. Valgeir tekur fram:

Þeir sem hafa prufað þetta [að skjóta á álfir]—þú færð ekki álfina af stað fyrr en þú eiginlega drepur hana, einhvern fugl. Þó þú sért að skjóta og gæsin fer, þá situr álfín eftir. Það er ekki fyrr en þú ferð að drepa hana að þá verða þær hræddar og það kemur aðeins styggð á þær.

Aftur kemur hér fram sá skilningur að álfín sé skynsemisvera sem geti lært að óttast menn. Þetta sé forsenda þess að veiðar beri tilætlaðan árangur.

Álftirnar myndu fljótt læra hversu banvæn mannskepnan getur verið og myndu því halda sig í hæfilegri fjarlægð.

Valgeir er ekki einn um að viðurkenna að hann hafi heyrt af álftaskytteríu bænda, eða sem viðurkennir óbeint að hafa sjálfur skotið álf. Öðrum aðferðum til að vinna á fuglinum var einnig lýst. Lárus dregur fram mynd sem færði sönnur á hvernig hann hefur sjálfur „kennt henni lexíu“ með því að aka jeppa sínum inn í hóp þrjátíu eða fjörutíu álfra á einu af túnnum sínum. Í óðagoti fuglanna við að flýja flaug einn þeirra á raflínu og féll dauður til jarðar, og annar vængbrotnaði og varð því að drepa hann.

Að mati Örnú og Guðbrands yrði það mörgum bændum léttir að fá að drepa álfir löglega í stað þess að þurfa að brjóta lög. Arna telur ólöglegt álftráðríp skiljanleg og rökrétt viðbrögð af hálfu bænda:

Það má ekki gera, en gera allir eitthvað samt. En segja bara engum frá. Þú getur ekki horft á tvö hundruð álfir úti á túni að éta! Það bara gengur ekki.

Flestir hinna viðmælendanna láta í ljós svipaðar skoðanir. Þeir lýsa hversu vonlaust það sé að ætla sér að reka fuglana burt, þar eð þeir fljúgi bara kippkorn burt en komi jafnharðan aftur.

Aðrar aðferðir hafa verið reyndar einnig. Nokkrir hafa tekið til þess bragðs að girða byggakra sína af með rafgirðingum, en slíkt ber misjafnan árangur þar eð fuglarnir lenda oft í miðjum ökrunum. Tveir bændur hafa fært akra sína vegna ágangs fugla, en einungis annar þessara telur að þetta hafi borið viðhlítandi árangur. Þeir þátttakendur telja að ekki sé vænlegt að fara sömu leið og gert hefur verið í Noregi, það er að veita bændum styrki til að rækta aðrar tegundir sem fuglarnir geti nýtt sem fæðu í stað kornsins. Lárus sér heldur ekki lausn í því að greiða bændum fyrir tjónið sem þeir verða fyrir, eins og opnað er á í gildandi búvörusamningum:

Ég sé engin rök fyrir því að fara að borga bændum eitthvað framlag út á tjón af álf. Það er ekki lausn. Svo bara verður meira og meira tjón og menn taka bara séns: „Við sáum bara þessu, og það er þá bara allt í lagi, þetta verður þá bara tekið út og ég fæ þá kostnaðinn borgaðan og svo læt ég gæsaveiðimenn skjóta í akrinum og þetta er bara allt í plús!“ Það þýðir ekki svona hugsunarháttur. Það verður að taka á þessu.

Vantraust á stjórnkerfi náttúruverndar bar á góma í flestum viðtölum. Allnokkrir benda á meinta óskilvirkni innan þeirra stofnana sem sjá um þessi

mál. Einnig láta viðmælendur í ljós efasemdir um átak Bændasamtakanna til að fá bændur til að skila skýrslum svo unnt sé að slá mati á það tjón sem álftrir (og gæsir) valda. Valgeir skýrir nánar að kornbændur njóti styrkja sem byggist á því magni sem framleitt sé, svo þeir hafi alls ekki hag af því að tilkynna um tjón á uppskeru sinni. Einungis Pálmi hefur skilað tjónaskýrslum, en segist sjálfur ekki vænta mikils af því. Loks benda nokkrir þátttakendur líka á meinta gjá milli borgar og sveitar þegar kemur að umhverfismálum, og þá erfiðleika sem þessi gjá skapi í náttúruverndarumræðunni í landinu almennt. Bændurnir telja að stjórnálamenn og borgarbúar hafi oft takmarkaðan skilning á aðstæðum þeirra. Lárus bendir einnig á það sem hann telur „bræsni“ borgarbúa og álitur að náttúruvernd sem stýrist af tilfinningalegum tengslum við tiltekin dýr geti skapað óstöðugleika í vistkerfinu.

Enginn viðmælandi leggur til að réttast væri að minnka umfang byggærktar eða gera einhverjar aðrar breytingar á búrekstri til að hafa hemil á vexti álfstafnsins. Þvert á móti taka þeir undir málflutning Bændasamtaka Íslands, þess efnis að ræktun á byggi innanlands sé mikilvægt skref í átt að sjálfbærni landbúnaðarins. Lárus gengur svo langt að slá tölu á þá skipsfarma af korni sem byggræktin á jörð hans hefði komið í veg fyrir innflutning á til Íslands.

Í heildina tekið gætir fyrst og fremst nytjasjónarmiða meðal bændanna, þrátt fyrir fáeinar athugasemdir hér og þar um tilfinningalegt gildi rjúpunnar og táknræna þýðingu lóunnar. Allnokkrir viðmælendur skýrðu út að þrátt fyrir að almenningur kynni af tilfinningalegum orsökum að mótmæla því að friðun álfta væri afnumin sæju þeir sjálfir engin sérstök rök til að þessi tiltekna tegund nyti friðunar umfram aðrar. Fyrir þessum bændum er alls ekki skynsamlegt að menningarlegt gildi, af hvaða toga sem er, hafi neitt vægi í ákvörðunum um verndun.

Að lokum: Hugurflug með álftrum

Hér á landi hefur maðurinn átt í tvíþættu sambandi við álftrina alla tíð. Annars vegar er um að ræða nytjasamband þar sem gildi álftrarinnar er skilgreint út frá þeim notum sem hægt er að hafa af henni, eða ekki, eða hvort hún skaði aðrar nytjar af landi. Á grundvelli þessa nytjasambands hafa menn búið til lög og reglur sem varða örlög þessa fugls. Í anda Foucaults⁹⁵ má túlka slíkt sem birtingu lífvalds. Þannig naut álftrin lengi vel ákveðinnar verndar fyrir veiðum

⁹⁵ Michel Foucault, *The History of Sexuality: I – The Will to Knowledge*; Garðar Árnason, „Vísindi, gagnrýni, sannleikur“, bls. 209–210.

annarra en þeirra sem höfðu eignarhald á því landi sem hún kaus sér til varps. Þegar kom fram undir lok 19. aldar var slík verndun skilgreind út frá árstíma í stað eignarhalds. Það var ekki fyrr en maðurinn hafði ekki lengur beinan ávinning af því að veiða hana, snemma á 20. öldinni, sem álfтин var friðuð skilyrðislaust fyrir allri veiði. Allra síðustu ár og áratugi hafa tekið að heyrast raddir, einkum frá kornræktarbændum, þess efnis að aflétta skuli alfríðun álfтарinnar vegna þess tjóns sem hún veldur á byggökkrum. Á vissan hátt má þannig segja að þetta nytjasamband manns og álfтар sé forsenda þess hvernig lífvaldið birtist í lífpólítík fuglafriðunar.⁹⁶ Beiting þess varðar líf og dauða álfтарinnar. En það varðar líka afkomu fólks. Fyrr á tímum, þegar framboð og úrval af kjöttmeti var annað og minna en nú, var álftakjöt mikilsverð búbót. Nú á tímum er það aftur á móti lífsafkoma kornbænda í markaðsdrifnu hagkerfi sem er í húfi, að einhverju leyti að minnsta kosti. Rétt er að benda á hér að við höfum aðeins dregið fram raddir þeirra bænda sem eiga beina aðild að málinu. Við höfum ekki fjallað um viðhorf annarra landsmanna, hvort heldur er í borg eða sveit. Ekki höfum við heldur reynt að skilja tilvist álfтарinnar á hennar eigin forsendum, á svipuðum nótum og ýmsir fræðimenn á sviði dýrarannsóknna hafa leitast við að gera á undanförunum árum.⁹⁷

Hins vegar hefur fólk hér á landi einnig átt í fagurferðilegu og tilfinningalegu sambandi við álfтина allt frá upphafi byggðar. Álfтин er stór og stæðilegur fugl og nærveru hennar í íslensku landslagi er vissulega ómögulegt að hunsa. Skynjun á líkama og líkamlegri útgeislun fuglsins framkallar hri⁹⁸ sem léð er merking. Sú merking tekur breytingum í tímans rás og samfélagslegu samhengi hvers tíma. Hvítur litur álfтарinnar vekur hugrenningatengsl við helgi og hreinleika, flug hennar við frelsi, og fleira mætti telja til. Í raun höfum við aðeins rétt tæpt á þeirri merkingu sem felst í líkamleika álfтарinnar og gildi hennar í menningarlegu tilliti. Tuttugasta öldin er stútfull af dæmum um slíkt, bæði í listum, dægurmenningu og hversdagslífi, og einnig það sem af er þessari öld. Í þessu samhengi má segja að álfтин hafi auðgað anda landsmanna í gegnum tíðina, og gerir enn.

⁹⁶ Sbr. Jamie Lorimer, *Wildlife in the Anthropocene*, bls. 12–15; Christine Biermann og Robert M. Anderson, „Conservation, biopolitics, and the governance of life and death“.

⁹⁷ Sjá t.d. Christopher Bear, „Being Angelica? Exploring individual animal geographies“, *Area* 43: 3/2011, bls. 297–304; Laura A. Ogden o.fl., „Animals, plants, people, and things“; Thom Van Dooren, Eben Kirksey og Ursula Münster, „Multispecies studies: cultivating arts of attentiveness“, *Environmental Humanities* 8: 1/2016, bls. 1–23.

⁹⁸ Sbr. Jamie Lorimer, *Wildlife in the Anthropocene*, bls. 45–51.

Svo virðist sem hinar tvær hliðar á sambandi manns og álfatar rekist hvor á aðra þegar kemur að friðun hennar. Fagurferðileg rök rata inn í rökraður um nýttjar og friðun í byrjun 20. aldarinnar, þótt friðun fuglsins hafi ekki grundvallast á þeim. Nú þegar komið er fram á 21. öldina rata fagurferðileg rök aftur inn í umræðu um nýttjar þegar kallað er eftir afnámi friðunar, á þeim forsendum að friðun fái ekki staðist á grundvelli þeirra, né heldur með vísan til siðferðilegra raka. Draga má þá ályktun að skapast hafi ringulreið, sem torveldar ákvarðanatöku. Ef horft væri einvörðungu til þeirrar rökfærslu sem átti sér stað í upphafi 20. aldar, þegar álfatin varð alfriðuð, mætti auðveldlega komast að þeirri niðurstöðu að afnema bæri friðun hennar. En fleira kemur til. Stöðuna verður að skoða í samfélagslegu samhengi okkar tíma, hvort sem er innan lands eða á hnattræna vísu.

Nú, þegar álfatin hefur verið friðuð í rúma öld, má líta svo á að fagurferðilegt og tilfinningalegt samband manns og álfatar byggi sumpart á þeirri ákvörðun sem tekin var um að veiða álfatina *ekki*. Álfatin er orðin tákmynd þeirrar ákvörðunar – tákmynd víðtækari fuglafriðunar – og hefur merkingu og gildi sem slík. Það að aflétta friðun nú snýst þannig ekki lengur aðeins um þetta nýttjasamband, heldur myndi slík ákvörðun rýra inntak fuglafriðunar almennt í mun stærra og víðara samhengi. Hvernig þessi viðsnúningur hefur orðið í hinu tvíþætta sambandi manns og álfatar má að einhverju leyti rekja til þeirrar samfélagslegu þróunar sem hér átti sér stað á tuttugustu öldinni. Breikkandi bil milli sveitar og borgar og breytingar á tengslum manns og náttúru skipta hér máli.

Árekstrar bænda og álfta snúast umfram allt um landið sjálft: Um rými, landsins gæði og nýtingu þeirra. Þetta eiga raunar flestir árekstrar dýra og manna sammerkt, hvar sem er í heiminum, eins og minnst var á hér að framman. Aukin nýting lands af hálfu manna, sem á sér stundum rót í folksfjölgun en oft í breyttum efnahagslegum forsendum, hefur þrengt að mörgum dýrategundum. Að ekki sé minnst á loftslagsbreytingar. Ástandið er orðið slíkt á heimsvísu að talað er um að sjötta bylgja fjöldaútdauða tegunda sé komin á fullan skrið.⁹⁹ Þótt álfitarnar á Íslandi séu auðvitað ekki alveg á þessum stað er engum vafa undirorpið að mannkynið þarf að taka sér duglega tak þegar kemur að verndun tegunda.

Að kenna álfatunum einum um þá árekstra sem uppi hafa verið er ekki

⁹⁹ Anthony D. Barnosky, Nicholas Matzke, Susumu Tomiya, Guinevere O. U. Wogan, Brian Swartz, Tiago B. Quental, Charles Marshall, Jenny L. McGuire, Emily L. Lindsey, Kaitlin C. Maguire, Ben Mersey og Elizabeth A. Ferrer, „Has the Earth's sixth mass extinction already arrived?“ *Nature* 471/2011, bls. 51–57.

leiðin til að leysa málið. Slíkt beinir athyglinni frá hinum stærri undirliggjandi orsökum. Nærtækar orsakir eru breytt landnýting, sem aftur má rekja að hluta til efnahagslegra forsendna ásamt rannsókn- og þróunarstarfi. Ný kornyrki hafa skapað bændum möguleika og hlýnandi loftslag hefur átt sinn þátt. Við sjáum af þessu hvernig „álfstavandinn“ er orðinn til vegna flókinn samspils ólíkra gerenda. Álfirnir eru vissulega sjálfar mikilvægir gerendur, en þótt gerendahæfni þeirra sé viðurkennd má ekki líta fram hjá því að hún verður til fyrir tilstilli og samspil ýmissa þátta, og að grunnábyrgðin liggur í raun annars staðar: Hjá mönnum og þeim kerfum sem þeir hafa sjálfir skapað.

Og hér leyfum við okkur að halda fram að umhverfishugvísindin hafi margt til málanna að leggja. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að ákvarðanir um flest – helst öll – mál tengd náttúru og auðlindum byggji á gagnreyndri, náttúruvísindalegri þekkingu. En friðun tegunda og vistkerfa er óhjákvæmilega hluti af lífþólitík náttúruverndar. Þessi staðreynd kallar á að rýnt sé í hvert ágreiningsmál með menningarlegar hugmyndir og samfélagsleg sjónarmið í huga. Slíkt hefur marghátuð áhrif á hverja einustu ákvörðun sem varðar náttúruna. Umhverfishugvísindin hafa gefið mikilsverða innsýn í þau ferli sem móta lífþólitík og þá þekkingu sem hún byggir á, eins og rakið hefur verið í þessari grein. Morgunljóst er að horfa þarf til fleiri hluta en náttúrunnar sjálfrar til að skilja framvindu náttúruverndar og tryggja árangur hennar.

Söngsvanur er álfín einnig kölluð á íslensku og mörgum þykir söngur svana himneskur. Aðrir kalla hann helvítis garg. Mat okkar mannfólksins á gæðum og ógæðum tiltekinna dýrategunda er afstætt, milli einstaklinga og yfir tíma. Þetta afstæði er eitt af því sem umhverfishugvísindin draga gjarnan fram. Mörgum þykir óþægilegt að fleira en hlutlægar mælingar og töluleg gögn geti skipt máli í náttúruvernd, en kjarni málsins er sá að allar athafnir manna sem beinast að því að vernda náttúruna byggja að talsverðu leyti á huglægum forsendum.

ÚTDRÁTTUR

Himnesk rödd en helvískur andi?**Um friðun álfar á Íslandi og nýlega árekstra álfar og kornbænda**

Þegar árekstrar koma upp í sambúð dýra og manna er nauðsynlegt að skoða vel þær forsendur sem að baki liggja. Í greininni er fjallað um þær deilur sem sprottið hafa upp á síðustu árum um alfriðun álfarinnar og tengjast aukinni kornrækt. Í upphafi er gerð stutt grein fyrir nýlegum nálgunum sem tengjast auknum áhuga á sambandi dýra og manna í hugvísindum. Í stað þess að skoða dýr sem óvirka þolendur eða jafnvel vélar, eins og algengt hefur verið um aldir, er nú lögð áhersla á gerendahæfni þeirra og gagnvirk tengsl við umhverfi sitt. Þau eru virkir þátttakendur í líf-pólítík hvers tíma. Friðun tegunda er eitt birtingarform slíkrar líf-pólítíkur, sem auk líffræðilegrar vitneskju snýst ævinlega um margvísleg gildi og hrif. Friðunarsaga álfarinnar er að því búnu rakin. Ýmsar fornar heimildir og lagaákvæði vitna um mikilvægi hennar sem nytjafugls á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Álfatin hafði enn fremur margþætta menningarlega þýðingu í gegnum aldirnar. Þegar fyrsta almenna löggjöf um friðun fugla kom til sögu á nítjándu öld var þó ekki horft sérstaklega til álfar, enda fuglinn enn veiddur að einhverju marki. Nytja- og friðunarsjónarmið tókust á í rökræðum um álfina, sem var loks tekin í hóp alfriðaðra fugla árið 1913. Á síðustu áratugum tuttugustu aldar jókst kornrækt verulega í sveitum landsins. Jafnframt hefur álfum fjölgað og raddir hafa heyrst meðal bænda um að aflétta beri friðun fuglsins. Í rannsókn höfunda á Suðurlandi voru tekin eigindleg ítarviðtöl við níu kornbændur til að varpa skýrara ljósi á sambúð bænda og álfar. Reynsla þeirra og viðhorf voru með ýmsu móti. Flestir töldu álfir vera skynugar skepnur og viðurkennu gerendahæfni þeirra. Hins vegar töldu þeir almennt ekki að fuglinn hefði sérstakt gildi sökum fegurðar. Flestir töldu að breyta þyrftu ákvæðum um alfriðun álfar. Ábyrgð á þeim árekstrum sem upp hafa komið var oftast varpað á fuglinn. Að rætur árekstranna mætti rekja til athafna þeirra sjálfra var almennt ekki ofarlega í huga bændanna. Í heild sýnir sagan af samskiptum manna og álfar vel hinar flóknu sögulegu rætur og menningarlegu forsendur sem vernd dýrategunda byggir jafnan á. Rannsóknir af þessu tagi, sem nýta kenningar og aðferðir umhverfishugvísinda, eru mikilvægar til að auka skilning á líf-pólítík náttúruverndar.

Lykilorð: Árekstrar manna og dýra, líf-pólítík náttúruverndar, álfir, fuglafriðunarlög, kornrækt

ABSTRACT

Heavenly voice but hellish spirit? On the protection of the whooper swan in Iceland and recent conflicts between swans and grain farmers

For understanding particular human–wildlife conflicts, a close examination of their premises is necessary. This article is concerned with the conflict that has emerged in recent years about the protection of whooper swans in Iceland, related to an increase in arable farming. The authors first briefly present some important aspects of the recent ‘animal turn’ in the humanities, which reflects growing interest in animal–human relations. Instead of looking at animals as inert objects or even machines, as has been commonplace for centuries, scholars increasingly emphasize animals’ capacity for agency and the complex relations between animals and their environs. Animals are active participants in biopolitics, of which species protection is one form. In addition to insights from biological and ecological research, biopolitics always involve a plethora of values. The second section traces the history of the protection of the whooper swan in Iceland. Several ancient sources and legal texts reveal the utilitarian importance of the species during the first centuries of settlement. The swan has also taken on varied cultural significance. Despite this, the whooper swan was not central when the first general legislation about bird protection was formulated in the nineteenth century. Opposing viewpoints on use and protection were aired, but in 1913 the swan was finally included in the class of strictly protected birds. During the final decades of the twentieth century, arable farming greatly increased in rural Iceland. Simultaneously, the number of swans has grown, and farmers have voiced their opinion that a move away from strict protection is needed. In order to investigate further the relations between farmers and whooper swans, the authors interviewed some nine grain growers in South Iceland. Some noteworthy themes emerged. Most thought that swans were intelligent creatures and acknowledged their agency, yet they generally did not think the bird had any special value due to its beauty, and expressed the desire to loosen protection laws. The responsibility for the human–wildlife conflict was usually allocated to the bird; that the conflict was rooted in the farmers’ own actions was not acknowledged. On the whole, this story of human–swan relations illustrates the complexity of historical and cultural premises that always underwrite species protection. Research of this kind, which utilizes theories and methods from environmental humanities, is important for increasing the understanding of the biopolitics of conservation.

Keywords: Human–wildlife conflict, biopolitics of conservation, whooper swans, bird protection act, arable farming

SHAUNA LAUREL JONES

Umhverfis- og auðlindafræðingur og listfræðingur

London, Bretlandi

shaunalaurel@gmail.com

EDDA R. H. WAAGE

Lektor í landfræði og ferðamálafræði

Líf- og umhverfisvísindadeild, Land- og ferðamálafræðistofu

Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands

Sturlugötu 7

IS-102 Reykjavík, Ísland

erw@hi.is

KARL BENEDIKTSSON

Prófessor í landfræði

Líf- og umhverfisvísindadeild, Land- og ferðamálafræðistofu

Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands

Sturlugötu 7

IS-102 Reykjavík, Ísland

kben@hi.is

